

Samantekt um kennslu á sviði öldrunarfræða við háskóla á Íslandi

Samantekt um kennslu á sviði öldrunarfræða við háskóla á Íslandi

Háskóli Íslands
Félagsráðgjafardeild
Maí 2025



HÍ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Samantekt um kennslu á sviði öldrunarfræða við háskóla á Íslandi

Maí 2025

Unnið af: Guðrúnu Björk Reykdal

Ritstjórn:

Halldór S. Guðmundsson

Sigurveig H. Sigurðardóttir

Hervör Alma Árnadóttir

Umbrot og prentun: Háskólaprent

ISBN 978-9935-571-02-1 (rafræn útgáfa, pdf)

ISBN 978-9935-571-03-8 (prentuð útgáfa)

Formáli

Breytingar í aldurssamsetningu þjóðarinnar eru samfélagsleg áskorun sem kallar á samræmdar aðgerðir til lengri tíma. Aldarafmælisjóður Háskóla Íslands veitti Félagsráðgjafardeild HÍ styrk til þess að taka saman upplýsingar um kennslu á sviði öldrunarfræða við alla háskólana á Íslandi. Tilgangur þessa verkefnis er að kortleggja hvaða menntunarmöguleikar og námskeið eru kennd eða í boði við háskólana í landinu.

Verkefnið var unnið af Guðrínu Björk Reykdal, félagsráðgjafa MA. Í bakhópi þess voru Halldór Sigurður Guðmundsson, dósent og varadeildarforseti Félagsráðgjafardeildar, Sigurveig H. Sigurðardóttir, prófessor emerita í Félagsráðgjafardeild og Hervör Alma Árnadóttir, dósent og deildarforseti Félagsráðgjafardeildar.

Í skýrslunni er farið yfir framkvæmd verkefnisins og dregnar saman helstu niðurstöður. Ljóst er að mörg námskeið eru kennd við háskóla á Íslandi þar sem fjallað er um öldrun og/eða málefni eldra fólks með einhverjum hætti. Ýmist er þetta efni meginefni námskeiðs, mikilvægt atriði í námskeiðinu eða komið er inn á efnið. Í töflum er birt yfirlit yfir 104 námskeið sem kennd eru við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Í viðaukum eru birtar ítarlegri upplýsingar fyrir alla háskóla á Íslandi.

Á grundvelli samantektarinnar, er lagt til að Háskóli Íslands hafi frumkvæði að því að efna til fundar til að ræða hvort og hvar hugsanleg samlegð gæti legið með það í huga að koma á eða undirbúa samræmt og/eða sameiginlegt háskólanám í öldrunarfræðum.

Skýrsla þessi er send til rektora allra háskóla á Íslandi og einnig til þeirra sem svöruðu tölvubréfi/tölvupósti með beiðni um upplýsingar um námskeið.

Fyrirnefndum aðilum verður væntanlega boðið að sækja fundinn.

Abstract (útdráttur á ensku).

The Faculty of Social Work at the University of Iceland received a grant to collect information on university courses in Iceland that address ageing or related issues. All seven universities operating in Iceland were contacted. Requests were sent either to the deans of each faculty or to the rectors of the universities, asking for contact details of professors whose courses might cover ageing topics to some extent. It was also stated that the information gathered would be used to assess the possibility of coordinating gerontology studies across Icelandic universities.

An email was sent to professors, associate professors, and assistant professors asking whether ageing and/or ageing-related issues were addressed in a particular course. If the answer was positive, a follow-up question requested a brief description of the elements concerning ageing that would be discussed in the course.

The findings indicate that many courses in Icelandic universities—104 in total—address ageing and/or ageing-related issues. This number is based on responses received, with a response rate of nearly 80%, so the actual number may be higher. Of these courses, 63 are classified in the field of physical health, 34 in social health, and seven in mental health.

Courses where ageing and/or ageing issues are the main topic total 31: 15 at the University of Iceland, 13 at the University of Akureyri, and three at Reykjavík University. Courses where the topic is considered an important part of the curriculum number 42: 26 at the University of Iceland, 15 at the University of Akureyri, and one at Bifröst University. Additionally, 31 courses address the topic, but it is not considered a major component: 20 at the University of Iceland, six at the University of Akureyri, and five at Reykjavík University.

When asked whether more collaboration would be desirable in the field of gerontology, 41 individuals responded. Of these, 35 (85%) expressed a preference for increased

collaboration within universities, and 24 (62%) favored more collaboration between universities.

Collaboration between the Faculty of Nursing at the University of Akureyri and the Faculty of Social Work at the University of Iceland began in fall 2024. An interdisciplinary program, *Counselling for People with Dementia*, is led by the Faculty of Nursing at the University of Akureyri and offers an additional master's degree in health sciences.

Efnisyfirlit

Formáli	iii
Abstract (útdráttur á ensku).....	iv
Efnisyfirlit	vii
Töfluskra	x
1 Framkvæmd upplýsingasöfnunar.....	1
2 Niðurstöður upplýsingasöfnunar	3
2.1 Megin niðurstöður.....	3
2.2 Háskóli Íslands	6
2.3 Háskólinn á Akureyri.....	18
2.4 Háskólinn á Bifröst.....	23
2.5 Háskólinn á Hólum	24
2.6 Háskólinn í Reykjavík	24
2.7 Landbúnaðarháskóli Íslands	26
2.8 Listaháskóli Íslands	26
Viðauki 1: Háskóli Íslands	27
Félagsvísindasvið	27
Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild	27
Félagsráðgjafardeild.....	27
Hagfræðideild	29
Lagadeild	29
Stjórn málafræðideild	30
Viðskiptafræðideild	30
Heilbrigðisvísindasvið.....	30
Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.....	30
Lyfjafræðideild.....	33
Læknadeild	34
Sjúkraþjálfunarfræði	35
Matvæla- og næringarfræðideild	36
Sálfræðideild.....	37
Tannlæknadeild.....	37

Hugvísindasvið:	38
Guðfræði- og trúarbragðadeild	38
Íslensku- og menningardeild	39
Mála- og menningardeild	39
Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði	40
Menntavísindasvið	41
Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda	41
Deild menntunar- og margbreytileika	42
Verkfræði- og náttúruvísindasvið:	43
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	43
Viðauki 2: Háskólinn á Akureyri.....	45
Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið	45
Auðlindadeild	45
Hjúkrunarfræðideild	45
Framhaldsnámsbraut Hjúkrunarfræðideildar	50
Iðjupjálfunarfræðideild	54
Viðskiptadeild.....	57
Hug- og félagsvísindasvið	57
Félagsvísindadeild.....	57
Lagadeild	58
Sálfræðideild.....	58
Kennaradeild	58
Viðauki 3: Háskólinn á Bifröst	59
Félagsvísindadeild.....	59
Lagadeild	59
Viðskiptadeild	60
Viðauki 4: Háskólinn á Hólum	61
Ferðamáladeild	61
Viðauki 5: Háskólinn í Reykjavík	63
Samfélagssvið:.....	63
Íþróttfræðideild	63
Lagadeild	63
Viðskipta- og hagfræðideild	64
Sálfræðideild.....	64

Tæknisvið:.....	64
Iðn- og tæknifræðideild	64
Tölvunarfræðideild	64
Verkfræðideild	65
Viðauki 6: Landbúnaðarháskóli Íslands	67
Viðauki 7: Listaháskóli Íslands	69
Sýnishorn af tölvubréfi til deildarforseta.....	71
Sýnishorn af tölvupósti til umsjónarkennara	73

Töfluskrá

Tafla 1: Flokkun námskeiða eftir megináherslu	4
Tafla 2: Er meira samstarf í kennslu á sviði öldrunarfræða æskilegt? ...	5
Tafla 3: Háskóli Íslands – Yfirlit námskeiða	8
Tafla 4: Háskólinn á Akureyri – Yfirlit námskeiða	20
Tafla 5: Háskólinn á Bifröst – Yfirlit námskeiða	24
Tafla 6: Háskólinn í Reykjavík – Yfirlit námskeiða	25

1 Framkvæmd upplýsingasöfnunar

Sjö háskólar eru starfræktir á Íslandi og var tölvubréf sent til þeirra allra, ýmist til deildarforseta skólans eða rektors. Í tölvubréfinu kom fram að óskað væri eftir upplýsingum um heiti námskeiða þar sem mögulega væri komið inn á öldrun og/eða málefni eldra fólks, nafn umsjónarkennara viðkomandi námskeiðs og netfang hans. Tilgangur verkefnisins væri að kortleggja hvaða menntunarmöguleikar og námskeið væru kennd eða í boði við háskólana í landinu. Jafnframt yrði skoðað hvort og hvar hugsanleg samlegð gæti legið með það í huga að koma á eða undirbúa samræmt og/eða sameiginlegt háskólanám í öldrunarfræðum. Aldarafmælisjóður Háskóla Íslands hefði veitt Félagsráðgjafardeild HÍ styrk til þess að taka saman upplýsingar um kennslu á sviði öldrunarfræða við alla háskóla á Íslandi.

Tölvubréf var sent til allra deildarforseta í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst. Afrit af tölvubréfinu var sent til forseta viðkomandi sviðs. Alls voru send 44 tölvubréf til deildarforseta, flest voru send í október 2024 og fundað var með deildarforseta Félagsráðgjafardeildar.

Tölvubréf voru send til rektora tveggja háskóla og kennslustjóra eins háskóla. Tölvubréf til rektors Listaháskóla Íslands var sent á netfang skólans. Ítrekun var send með afriti til deildarforseta í deild arkitektúrs. Að lokum var sendur tölvupóstur til deildarforseta í deild arkitektúrs sem var bæði á íslensku og ensku í janúar sl. og svar barst. Tölvubréf var sent til kennslustjóra Landbúnaðarháskóla Íslands og svar barst. Tölvubréf var sent til rektors Háskólans á Hólum á netfang skólans og svar barst frá kennslustjóra.

Svör bárust frá öllum deildarforsetum í Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst og öllum nema einum í Háskólanum á Akureyri. Svör bárust frá öllum deildarforsetum í Háskóla Íslands nema einum á Félagsvísindasviði og fimm á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Misjafnt var hversu fljótt svör bárust. Í ítrekunarpóstum kom fram að þessi beiðni um upplýsingar væri send til allra háskóla á Íslandi og óskað eftir svari þó engin námskeið í deildinni féllu undir þá skilgreiningu að fjallað væri um öldrun og/eða málefni eldra fólks á einhvern hátt.

Í framhaldi af upplýsingum frá viðkomandi háskóla var sendur póstur á umsjónarmenn þeirra námskeiða þar sem skólinn taldi að mögulega væri komið inn á öldrun og/eða málefni eldra fólks. Í nokkrum tilvikum var beðið um að tölvupóstur væri sendur á ensku til umsjónarkennara námskeiðs og var það gert.

Í tölvupóstinum var spurt hvort fjallað væri um öldrun og/eða málefni eldra fólks í tilteknu námskeiði. Ef svarið var jákvætt, var beðið um að tilgreint væri með stikkorðum eða stuttri lýsingu hvaða þættir varðandi öldrun og/eða málefni eldra fólks væru til umfjöllunar.

Fjöldi tölvupósta til umsjónarkennara námskeiða var á bilinu 90 til 100. Þá eru ekki meðtaldir ítrekunarpóstar. Í nokkrum tilvikum var sendur einn tölvupóstur til kennara sem var með umsjón með fleiri en einu námskeiði. Skýrsluhöfundur telst til að ekki hafi borist svar við 23 tölvupóstum. Þess ber að geta að í nokkrum hluta þessara tölvupósta var eingöngu ein spurning þar sem ljóst var að í námskeiðinu væri komið inn á öldrun og/eða málefni eldra fólks og námskeiðslýsing aðgengileg á vef skólans. Þessi spurning laut að því hvort viðkomandi umsjónarkennari teldi að meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða, annars vegar innan háskóla og hins vegar milli háskóla.

Í sjö tilvikum var því svarað neitandi hvort fjallað væri um öldrun og/eða málefni eldra fólks í þeim áfanga sem spurt var um.

2 Niðurstöður upplýsingasöfnunar

2.1 Meginniðurstöður

Af samantektinni sem hér fer á eftir má sjá að fjölmörg námskeið sem fjalla um öldrun eða málefni eldra fólks eru kennd í háskólum á Íslandi. Í töflum sem eru birtar í þessum kafla er yfirlit yfir námskeið í einstökum háskólum. Alls er að finna upplýsingar um 104 námskeið í töflunum. Hafa ber í huga að þetta er ekki endilega tæmandi listi þar sem ekki barst svar frá öllum umsjónarkennurum námskeiða sem vísað hafði verið á. Nánari upplýsingar um námskeiðin í einstökum háskólum er að finna í viðaukum.

Gerð var tilraun til að flokka námskeiðin eftir því hvort þau lytu að líkamlegri, félagslegri eða andlegri heilsu.

Tafla 1: Flokkun námskeiða eftir megináherslu

		Líkamleg heilsa	Félagsleg heilsa	Andleg heilsa
Háskóli Íslands	Meginefni námskeiðs	10	4	1
	Mikilvægt atriði í námskeiði	15	9	2
	Komið inn á efnið	10	10	
Háskólinn á Akureyri	Meginefni námskeiðs	10	3	
	Mikilvægt atriði í námskeiði	12	2	1
	Komið inn á efnið	3	2	1
Háskólinn á Bifröst	Meginefni námskeiðs			
	Mikilvægt atriði í námskeiði		1	
	Komið inn á efnið			
Háskólinn í Reykjavík	Meginefni námskeiðs	2		1
	Mikilvægt atriði í námskeiði			
	Komið inn á efnið	1	3	1
Samtals		63	34	7

Alls 63 námskeið flokkast undir að lúta að líkamlegri heilsu, 34 námskeið flokkast undir að lúta að félagslegri heilsu og sjö námskeið falla undir andlega heilsu.

Námskeið þar sem öldrun og/eða málefni eldra fólks er meginefni námskeiðs eru alls 31; 15 námskeið í Háskóla Íslands, 13 námskeið í Háskólanum á Akureyri¹ og þrjú námskeið í Háskólanum í Reykjavík.

Námskeið þar sem efnið er talið mikilvægt af umsjónarkennara viðkomandi námskeiðs eru alls 42; 26 námskeið í Háskóla Íslands, 15 námskeið í Háskólanum á Akureyri og eitt námskeið í Háskólanum á Bifröst.

Í 31 námskeiði er komið inn á efnið. 20 þessara námskeiða eru í Háskóla Íslands, sex í Háskólanum á Akureyri og fimm í Háskólanum í Reykjavík.

Samstarf milli háskóla er að finna milli Hjúkrunarfræðideildar Háskólans á Akureyri og Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands. Síðastliðið haust hófst þverfaglegt nám, Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, sem veitir viðbótardiplómu á meistarastigi í heilbrigðisvísindum. Námið er 60 ECTS einingar og tekið á tveimur árum. Hjúkrunarfræðideild HA leiðir námið. Þrjú námskeið verða kennd í Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2025.

Alls 41 umsjónarkennari námskeiðs svaraði spurningu sem laut að því hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða, annars vegar innan háskóla og hins vegar milli háskóla. Tveir svarendur svöruðu ekki seinni lið spurningarinnar.

Tafla 2: Er meira samstarf í kennslu á sviði öldrunarfræða æskilegt?

	Já	Nei	Veit ekki
Innan háskóla	35	2	4
Milli háskóla	24	2	13

¹ Þrjú námskeið sem eru hluti af Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun við Háskólann á Akureyri og verða kennd við Félagsráðgjafardeild HÍ eru birt bæði í töflu fyrir námskeið í Háskóla Íslands og í Háskólanum á Akureyri en talin með námskeiðum í HÍ.

35 svarendur telja að meira samstarf í kennslu á sviði öldrunarfræða innan háskóla sé æskilegt eða 85% þeirra sem svöruðu þessum lið spurningarinnar. Tveir sögðu nei og fjórir merktu við svarmöguleikann „veit ekki“.

Þegar kemur að því að svara því hvort meira samstarf sé æskilegt milli háskóla, eru fleiri sem merkja við svarmöguleikann „veit ekki“ eða alls 13. Alls 24 svarendur svara spurningunni játandi eða 62% þeirra sem svöruðu þessum lið spurningarinnar.

2.2 Háskóli Íslands

Innan Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands er kennt námskeiðið HVS501M Þverfræðileg samvinna í heilbrigðisvísindum. Hugmyndafræði þverfræðilegrar samvinnu er lögð til grundvallar í námskeiðinu þar sem nemendur vinna saman í þverfræðilegum teyrum. Kennarar utan Heilbrigðisvísindasviðs koma einnig að kennslu á námskeiðinu, m.a. frá Félagsráðgjafardeild.

Eins og kemur fram í töflu 1, er í mörgum námskeiðum í Háskóla Íslands komið inn á öldrun eða málefni eldra fólks. Ýmist er efnið meginefni námskeiðsins, mikilvægt atriði í námskeiðinu eða komið er stuttlega inn á efnið.

Flest námskeiðin þar sem öldrun og/eða málefni eldra fólks er meginefni námskeiðsins eru í Félagsráðgjafardeild og Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild. Samkvæmt upplýsingum frá síðarnefndu deildinni er í flestum námskeiðum minnst á málefni aldraðra og því erfitt að gera tæmandi lista. Í Sjúkraþjálfunarfræði, sem er kennd innan Læknadeildar og í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda, er einnig að finna námskeið þar sem öldrun og/eða málefni eldra fólks er meginefni námskeiðsins og námskeiðið SÁL421G Sálfræði öldrunar í Sálfræðideild er valnámskeið sem er kennt annað hvert ár.

Í námskeiðinu GFR324M Sálgæslufræði í Guðfræði- og trúarbragðadeild hefur námskeiðslýsingunni verið breytt. Sett hefur verið inn að fjallað sé um öldrun á námskeiðinu, enda fjallar töluvert af námsefninu um aðstæður eldra fólks. Í tveimur námskeiðum í Matvæla- og næringarfræðideild er fjallað um annars vegar næringarmeðferð vegna algengra sjúkdóma hjá eldra fólki og í öðru námskeiði er útskýrð aðferðafræði og nálganir næringarfræðinnar sem tengjast ráðleggingum til eldri aldurshópa.

Fræðasvið innan Háskóla Íslands eru fimm talsins og á öllum þeirra er að finna námskeið þar sem komið er inn á öldrun og/eða málefni aldraðra með einhverjum hætti. Í svari deildarforseta Mála- og menningardeildar kom fram sú skoðun hans að ástæða væri til að huga að því að taka öldrun í auknum mæli til umfjöllunar þar sem við ætti, enda væri öldrun breyta sem ætti eftir að hafa mikið að segja fyrir flest samfélög jarðar í nánustu framtíð og hugvísindin ættu að láta sig varða. Hann kvaðst því mjög opinn fyrir hvers kyns samstarfi sem varðaði þetta svið.

Prófessor í samgönguverkfræði sem kennir námskeiðið BYG503G Samgönguverkfræði sagði að ekki væri mikið komið beint inn á öldrun í námskeiðinu, það væri meira í framhaldsnámskeiðum, en minnst væri á eldri ökumenn og hönnun samgöngukerfa. Hann kvaðst vilja taka þátt ef til sameiginlegs náms í öldrunafræðum kæmi, þar sem hann myndi ræða öldrun og samgöngur, þ.e. öldrun og akstur en einnig öldrun og aðrar samgöngur, göngu, hjólreiðar og almenningssamgöngur.

Alls 25 kennarar af fjórum fræðasviðum svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. 22 töldu meira samstarf æskilegt innan háskóla, tveir merktu við svarmöguleikann „veit ekki“ og einn svaraði spurningunni neitandi.

Alls 23 kennarar svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt milli háskóla. 12 svöruðu spurningunni játandi, tveir sögðu nei og níu merktu við svarmöguleikann „veit ekki“.

Tafla 3: Háskóli Íslands – Yfirlit námskeiða

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild		FFR302M Lífshlaupið, sjálf og samfélag		Ein vika er helguð fötlun og öldrun.
Félagsráðgjafardeild	Öldrun og málefni eldri borgara (FRG204G, FRG401G)			M.a. fjallað um kenningar, löggjöf, stefnumörkun og starfshlutverk félagsráðgjafans.
	ÖLD102F Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta			Örnám í öldrunar-þjónustu. Sjálfstætt þverfræðilegt nám að loknu BA-prófi.
	ÖLD201F Áhrifaþættir öldrunar: Umhverfi, félagstengsl og heilsufar			Örnám í öldrunar-þjónustu. Sjálfstætt þverfræðilegt nám að loknu BA-prófi.
		FFR302M Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum		M.a. fjallað um sjálfsvanrækslu.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
		FRG314G Félagsmálalöggjöf I: Framkvæmd og beiting		Í námskeiðinu er fjallað um lífeyris- og réttindamál.
		FRG202G Félagsmálastefnur - velferð og vandi		M.a. fjallað um ellilífeyris-tryggingar, þjónustu við aldraða og fátækt ólíkra aldurshópa.
		FRG318G Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu		Ekki verið kennt um nokkurra ára skeið.
			FRG412G Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði	Fjallað um þjónustu við eldra fólk sem hluta af þjónustu innan heilbrigðisþjónustu.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
		FRG212G Þroski, samskipti og tengsl: Kenningar um lífsskeið og tengsla- myndun		Fjallað um hin mismunandi aldursskeið.
			FRG306G Atvinnuleysi og starfsendur- hæfing	Komið inn á atvinnuleysi eldra fólks.
	ASM0105 Krefjandi atferli hjá fólki með heilabilun, samskipti og meðferðar- úrræði			Samstarf við Háskólann á Akureyri/ Ráðgjöf í málefnum fólks m. heilabilun. Kennt haustið 2025.
	RMT0105 Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, málastjórn, fræðsla og teymisvinna			Samstarf við Háskólann á Akureyri/Ráðgjöf í málefnum fólks m. heilabilun. Kennt haustið 2025.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
	FUM105 Fjölskyldur og umönnunar- aðilar fólks með heilabilun			Samstarf við Háskólann á Akureyri/Ráðgjöf í málefnum fólks m. heilabilun. Kennt haustið 2025.
Lagadeild			LÖG203G Fjölskyldu- og erfðaréttur	Komið inn á málefni eldra fólks.
			LÖG201G Stjórn- skipunarréttur	Komið inn á málefni eldra fólks.
			Velferðarréttur (LÖG132F)	Umfjöllun um nauðung og sjálfs- ákvörðunarrétt og ESB- reglugerð um samræmingu almanna- trygginga.
		LÖG176F Jafnrétti og bann við mismunun		Fjallað er um réttindi eldra fólks til jafnréttis á við aðra borgara.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
			LÖG191F Efnahagsleg og félagsleg réttindi - málstofa	Komið inn á málefni eldra fólks.
Viðskiptafræðideild		VIÐ288F Fjölbreytileiki og inngilding (inclusion) í skipulagsheildum		Áhersla á málefni eldra fólks á vinnu-markaði, s.s. skort á tækifærum.
Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild	HJÚ525G Öldrunar-hjúkrun			Sérstök áhersla á einkenni og greiningu vit-rænnar skerðingar.
	HJÚ618G Klínísk öldrunarhjúkrun			Sértækar þarfir og hjúkrun eldra fólks.
	HJÚ711G Heimahjúkrun			Fjallað m.a. um langvinn sár, meðferð við hjartabilun og samþættingu þjónustu.
	HJÚ225G Almenn hjúkrun I			Snýst að miklu leyti um hjúkrun eldra fólks.
		HJÚ153F Skurðhjúkrun I		Töluvert fjallað um aldraða sjúklinga.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
			HJÚ444F Skurð-hjúkrun III	Einn fyrirlestur er sérstaklega um aldraða.
		HJÚ726G Heilbrigði og siðfræði		Fjallað um ofbeldi og vanrækslu.
		HJÚ824G Bráðahjúkrun		Ágætlega fjallað um þarfir aldraðra.
			HJÚ831G Bráðahjúkrun – Valnámskeið	Hluti nemenda velur vettvang sem tengist bráðapjónustu við eldra fólk.
			HJÚ727G Langveikir og heilbrigðis-pjónusta	Meginsjónarmið er sérstaða langveikra en ekki fjallað um öldrun sem slíka.
Lyfjafræðideild		LYF217F Klínísk lyfjafræði		Kennt um lyfjarýni og gæðavísa um lyfjanotkun m. eldri einstaklinga.
		LLYF310F Náttúrulyf/ Náttúruvörur		Aldraðir eru hluti af þeim hópi sem ætti að forðast notkun slíkra vara.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
		LYF106F Samþætt sjúkdóma- og lyfhrifafræði		Öldrun er tekin alveg sér fyrir.
			LYF516G Klínísk aðgengisfræði	Komið inn á öldrun.
			LYF309G Aðgengisfræði og þróunarferli lyfja	Komið inn á öldrun.
			LYF617G Nýskráð lyf	Komið inn á öldrun.
			LYF514G Lyfja-gerðarfræði	Komið inn á öldrun.
Læknadeild: Læknisfræði		Innan lyflækninga á 4. ári		Þemavika (1 vika), verknám (1 vika), fyrirlestrar.
Læknadeild: Sjúkraþjálfunarfræði	SJÚ611G Öldrunarfræði fyrir sjúkraþjálfara			Lykilhugtök og kenningar.
	SJÚ202F Öldrunarsjúkraþjálfun			Seinna námskeið af tveimur um öldrunar-sjúkraþjálfun.
			SJÚ106G Vöxtur og þroski	Komið inn á öldrun

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
		SJÚ409G Hreyfivísindi II: Hreyfistjórn og hreyfigreining		Hvaða þættir/kerfi líkamans koma að stjórn jafnvægis, göngu og seilingu-/gripi.
		SJÚ311G Heilsuefling I		Heilsuefling og forvarnir fyrir eldra fólk.
			SJÚ206G Hreyfivísindi I: Starfræn líffærafræði og lífaflfræði	Aðeins er komið inn á lífaflfræðilegar breytingar á líkamanum vegna öldrunar
Matvæla- og næringarfræðideild		NÆR504M Næring á mismunandi æviskeiðum		Útskýrð aðferðafræði og nálganir næringarfræðinnar sem tengjast ráðleggingum til eldri aldurshópa.
		NÆR606G Næringar-meðferð og sjúkdómafræði I		Næringar-meðferð vegna algengra sjúkdóma hjá eldra fólki.
Sálfræðideild	SÁL421G Sálfræði öldrunar			Valnámskeið, kennt annað hvert ár.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
Tannlæknadeild		HVS501M Þverfræðileg samvinna í heilbrigðis-vísindum		Kennarar koma einnig úr öðrum deildum háskólans.
		Kennsla á 6. ári (1 dagur)		Einnig samkennsla 4., 5. og 6. árs nema á 3ja ára fresti.
			TAN422G Heilgómagerð I fræðileg	Komið inn á efnið tanngervi og aldraðir.
		Námskeið kennt af fagstjóra í munn- og tanngervalækningum		Tannheilsa aldraðra og munn- og tanngervi.
Guðfræði- og trúarbragðadeild		GFR324M Sálgæslufræði		Töluvert af náms-efninu fjallar um aðstæður eldra fólks.
Mála- og menningardeild			KÍN101G Kína nútímans: Samfélag, stjórnámál og efnahagur	Fjallað um öldrun m.t.t. þróunar í Kína.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði			HSP823M Heilbrigðis- og lífssiðfræði	Fjallað um nokkur helstu álitamál á sviði lífssiðfræði.
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	TÓS308G Tómstundir og þriðja æviskeiðið			Eingöngu fjallað um eldra fólk.
		TÓS5510G Tómstundir og áskoranir í nútíma-samfélagi		Fjallað um aldurshópin 25 til rúmlega 50 ára og aldurshópin frá rúmlega 50 ára og upp úr.
	ÍPH051F Heilsufar eldri aldurshópa			Gerð grein fyrir tengslum hreyfingar við þrek, holdafar og ýmsa aðra lífstílsþætti hjá öldruðum.
		HÍT401G Næring og heilsa		Farið er yfir næringarþarfir aldraðra og horft á ólíka undirhópa.

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
Deild menntunar og margbreytileika		ÞRS212G Fötlun og lífshlaup		Líf og aðstæður fatlaðs fólks á ólíkum æviskeiðum skoðað.
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild			BYG503G Samgöngu- verkfræði	Hér er minnst á eldri ökumenn.
			UMV401G Landfræðileg upplýsingakerfi 1	Sýnidæmi um rannsókn á búsetu eldra fólks og hvernig hún þróast.

Nánari upplýsingar í Viðauka 1 á bls. 27

2.3 Háskólinn á Akureyri

Háskólinn á Akureyri er fyrsti háskólinn á Íslandi sem býður upp á fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða. Um er að ræða tveggja ára sveigjanlegt nám samhliða starfi. Boðið er upp á kjörsvið öldrunar- og heimahjúkrunar. Sjá upplýsingar um námskeið í töflu 4.

Í Hjúkrunarfræði BSc er boðið upp á eitt námskeið þar sem öldrun er meginefni námskeiðs, ÖHJ0108 Öldrunarhjúkrun. Í nokkrum öðrum námskeiðum er öldrun og/eða málefni eldra fólks mikilvægt atriði í námskeiðinu. Í Framhaldsnámsbraut Hjúkrunarfræðideildar eru einnig námskeið þar sem komið er inn á efnið.

Eins og nefnt var hér á undan, leiðir Hjúkrunarfræðideildin þverfaglegt nám, Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, sem veitir viðbótardiplómu á meistarastigi í heilbrigðisvísindum. Öll námskeið nema eitt koma inn á öldrunarmálefni.

Í lögupjálfunarfræðideild eru námskeið í flestum tilvikum ekki afmörkuð við ákveðna hópa fólks en í mörgum námskeiðum eru málefni eldra fólks mikilvægt atriði í námskeiðinu.

Í Félagsvísindadeild er kennt námskeiðið MFM0176190 Minnihlutahópar og félagslegt misrétti þar sem komið er inn á málefni eldra fólks.

Í Sálfræðideild er öldrun meginefni námskeiðsins HSL0176 Heilinn, sjúkdómar og lyf og efnið mikilvægt atriði í námskeiðinu ÞSÁ0276 Þroski fullorðinna.

14 kennarar í Háskólanum á Akureyri svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. 11 kennarar töldu meira samstarf æskilegt innan háskóla, einn sagði nei og tveir merktu við svarmöguleikann „veit ekki“. Einn svarandi nefndi að staðan í HA væri sú að samstarf innan háskólans á þessu sviði hefði aukist verulega undanfarin ár.

11 kennarar töldu meira samstarf æskilegt milli háskóla (einn af þeim sagðist svara með tilliti til öldrunarhjúkrunar milli háskóla) og þrír merktu við svarmöguleikann „veit ekki“.

Tafla 4: Háskólinn á Akureyri – Yfirlit námskeiða

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
Hjúkrunarfræðideild	HFH0105 Heilbrigðisfræðsla- forvarnir og heilsuefling			Fagnám til diplómaprófs fyrir starf. sjúkraliða: Öldrunar- og heimahjúkrun.
	UGV0105 Umönnunarumhverfi – öryggi, gæði og velferðartækni			Fagnám til diplómaprófs fyrir starf. sjúkraliða: Öldrunar- og heimahjúkrun.
	ÖHK0105 Öldrunarhjúkrun I – hugmyndafræði, persónumiðuð nálgun og fjölskylduhjúkrun			Fagnám til diplómaprófs fyrir starf. sjúkraliða: Öldrunar- og heimahjúkrun.
	ÖHK0210 Öldrunarhjúkrun II – greiningar, meðferðir og færni			Fagnám til diplómaprófs fyrir starf. sjúkraliða: Öldrunar- og heimahjúkrun.
	SAT0106 Samskiptafræði og krefjandi atferlistruflanir			Fagnám til diplómaprófs fyrir starf. sjúkraliða: Öldrunar- og heimahjúkrun.
	ÖLD0110 Öldrun og langvinnir sjúkdómar I			Fagnám til diplómaprófs fyrir starf. sjúkraliða: Öldrunar- og heimahjúkrun.
	Öldrun, lyfjaumsjón og sérhæfðar meðferðir II			Fagnám til diplómaprófs fyrir starf. sjúkraliða: Öldrunar- og heimahjúkrun.
		HJÚ106 Hjúkrunarfræði		Hjúkrunarfræði BSc.

			SFH0106 Siðfræði heilbrigðisstétta	Hjúkrunarfræði BSc.
		VOP0104 Vöxtur og þroski		Hjúkrunarfræði BSc.
			GHJ0112 Geðhjúkrun	Hjúkrunarfræði BSc.
		HFP0206 Heilbrigðisfræðsla og þekkingarmiðlun		Hjúkrunarfræði BSc.
		SAH0206 Samfélagshjúkrun II		Hjúkrunarfræði BSc.
	ÖHJ0108 Öldrunarhjúkrun			Hjúkrunarfræði BSc.
			GHB0110 Geðheilbrigði	Framhaldsnámsbraut Hjúkrunarfræði- deildar.
			GHB0105 Geðheilbrigði	Framhaldsnámsbraut Hjúkrunarfræði- deildar.
			OFB0110 Sálræn áföll og ofbeldi	Framhaldsnámsbraut Hjúkrunarfræðideildar.
	ÖHE0110 Heilbrigð öldrun, öldrunarþjónusta og heilsuefling			Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun.
	HGL 0105 Heilabilun, greining og lyfjameðferðir			Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun.
	PSM0110 Persónumiðuð hugmyndafræði í þjónustu við fólk með heilabilun, samskipti og meðferðarúrræði			Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun.
	SFL0105 Siðfræði í þjónustu við fólk með heilabilun			Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun.

	ASM0105 Krefjandi atferli hjá fólki með heilabilun, samskipti og meðferðarúrræði			Ráðgjöf í málefni fólks m. heilabilun. Kennnt í Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2025.
	RMT0105 Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, málastjórn, fræðsla og teymisvinna			Ráðgjöf í málefni fólks m. heilabilun. Kennnt í Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2025.
	FUM105 Fjölskyldur og umönnunaraðilar fólks með heilabilun			Ráðgjöf í málefni fólks m. heilabilun. Kennnt í Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2025.
Iðjuþjálfunarfræðideild		EAT0106170 Efnisheimur aðgengi og tækni		Talsvert fjallað um öldrun í samhengi við efnislegt aðgengi og hjálpartækjamál.
		ÍþJ0108170 Inngangur að iðjuþjálfunarfræði		Hluti nemenda fer á vettvang tengdum þjón. við aldraða og kynnir.
		ATP0110 Athafnir og þáttaka		Iðja fólks á ólíkum æviskeiðum skoðuð.
		LLD0104 Leiðsögn og lærdómur		Lærdómur á mismunandi aldursskeiðum.
		ÞFR0104 Þjónustuferli og fagleg rökleiðsla 1: Hreyfanleiki		Hluti nemenda fer í 40 tíma vettvangs-heimsókn á staði þar sem aldraðir fá þjónustu.
		HHE0108 Heilsa og heilsuefling		Heilsueflandi samfélag m.a. skoðað út frá eldra fólki.
		ÞFR0204 Þjónustuferli og fagleg rökleiðsla 2: Hugarstarf		Umtalsverður hluti nemenda fer í 44 tíma vettvangs-heimsókn á staði þar sem aldraðir fá þjónustu.

		ÞJI11122 Þjónusta iðjubjálfa 1		205 tíma vettvangsnám er samþætt við bóklegt nám.
		ÞJI12122 Þjónusta iðjubjálfa 2		240 tíma vettvangsnám er samþætt við bóklegt nám.
		ÞJI13152 Þjónusta iðjubjálfa 3		355 tíma vettvangsnám er hluti af námskeiðinu ásamt bóklegu námi.
Félagsvísinda-deild			MFM0176190 Minnihluta-hópar og félagslegt misrétti	Viðfangsefni hverrar annar fer eftir sérsviði gesta-kennara og áhuga-sviði nemenda.
Sálfræðideild		ÞSÁ0276 Þroski fullorðinna		Framhald af námskeiðinu ÞSÁ0156 Þroskasálfræði.
	HSL0176 Heilinn, sjúkdómar og lyf			Öldrun er meginefni námskeiðsins.

Nánari upplýsingar í Viðauka 2 á bls. 45.

2.4 Háskólinn á Bifröst

Í lagadeild eru ákveðin fög sem koma inn á ýmis málefni sem snerta aldraðra töluvert, einkum sifja- og erfðaréttur og þá einkum erfðaréttarhlutinn þar sem er verið að fjalla um ýmis málefni sem eru e.t.v. ofar í hugum aldraðra en annarra eins og fyrirframgreiddur arfur og þess háttar atriði.

Tafla 5: Háskólinn á Bifröst – Yfirlit námskeiða

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
Lagadeild		203.6.0.SOER Sifja- og erfðaréttur		Fjallað um hjúskapar- og erfðarétt. Snertir aldraða eins og aðra.

Nánari upplýsingar í Viðauka 3 á bls 59.

2.5 Háskólinn á Hólum

Engin námskeið fjalla um málefni eldra fólks í Háskólanum á Hólum. Aldraðir eru einn af þeim markhópum sem fjallað er um í einhverjum námskeiðum í ferðamáladeild, sem ferðamenn og njótendur viðburða.

2.6 Háskólinn í Reykjavík

Í íþróttافرæðideild er kennt námskeiðið E-107-STES Styrk- og þrekþjálfun fyrir sértæka hópa sem fjallar fyrst og fremst um þjálfun aldraðra. Námskeiðið er valnámskeið í í BSc námi og skyldunámskeið í diplómanámi í styrk og þrekþjálfun. Í ECTS námskeiði sem heitir Atvinnulífsgögn mæla nemendur hreysti þátttakenda í Virkni og Vellíðan² sem eru allir eldri borgarar.

Í námskeiðinu V-733-ILEC International and Labor Economics í viðskipta- og hagfræðideild er m.a. fjallað um ákvarðanatöku um starfslok.

Valnámskeið er í boði fyrir sálfræðinema á 2. og 3. ári sem heitir E-510-ÖLDR Sálfræði öldrunar: Frá heilahreysti til heilabilunar. Það var síðast kennt haustið 2021 og líklegt að það verði kennt aftur haustið 2026.

Í tveimur áföngum í tölvunarfræðideild, Web Development I og Software Engineering I, er komið inn á þróun hugbúnaðar fyrir mismunandi notendahópa og þar á meðal eldra fólk.

² Virkni og Vellíðan er verkefni sem miðar að heilsuefningu fyrir 60 ára og eldri í Kópavogi.

Tveir kennarar í Háskólanum í Reykjavík svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. Báðir töldu meira samstarf æskilegt innan háskóla, annar taldi einnig meira samstarf milli háskóla æskilegt en hinn merkti við svarmöguleikann „veit ekki“.

Tafla 6: Háskólinn í Reykjavík – Yfirlit námskeiða

Deild	Umfjöllun um öldrun og/eða málefni eldra fólks			Athugasemdir
	Meginefni námskeiðs	Mikilvægt atriði í námskeiðinu	Komið inn á efnið í námskeiðinu	
Íþróttfræðideild	E-107-STES Styrk- og þrekþjálfun fyrir sértæka hópa			Fjallar fyrst og fremst um þjálfun eldraðra.
	Atvinnulífsgangur			Mæld hreysti eldra fólks.
			Sund II	Töluvert fjallað um sundleikfimi fyrir eldra fólk.
Viðskipta- og hagfræðideild			V-733-ILEC International and Labor Economics	Fjallað m.a. um ákvarðanatöku um starfslok.
Sálfræðideild	E-510-ÖLDR Sálfræði öldrunar: Frá heilahreysti til heilabilunar			Er valnámskeið.
			Áhrifaþættir þroska	M.a. fjallað um heilsu og líðan á efri árum.
Tölvunarfræðideild			Web Development I	Þróun hugbúnaðar f. mismunandi notendahópa s.s. eldra fólk.
			Software Engineering I	Þróun hugbúnaðar f. mismunandi notendahópa s.s. eldra fólk.

Nánari upplýsingar í Viðauka 5 á bls. 63.

2.7 Landbúnaðarháskóli Íslands

Ekki eru kennd námskeið í Landbúnaðarháskóla Íslands sem fjalla um málefni eldra fólks. Í Skemmunni (skemman.is) er að finna nokkrar lokaritgerðir sem hafa verið skrifaðar við skólann og tengjast umhverfi dvalarheimila. Ef nemendur velja sér lokaverkefni sem tengist því efni þá er leitað til aðila sem hafa einhverja þekkingu á því sviði til að leiðbeina í verkefninu.

Nánari upplýsingar í Viðauka 6 á bls. 67.

2.8 Listaháskóli Íslands

Í Skemmunni má finna ritgerðir nemenda í Listaháskóla Íslands sem tengjast á einhvern hátt öldrun, m.a. í arkitektúr.

Nánari upplýsingar í Viðauka 7 á bls. 69.

Viðauki 1: Háskóli Íslands

Félagsvísindasvið

Innan Félagsvísindasviðs eru Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsráðgjafar-deild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Hér verða listuð upp þau námskeið eftir deildum þar sem upplýsingar fengust um að komið væri inn á öldrun og/eða málefni eldra fólks.

Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild

Ekki er boðið upp á námskeið sem fjalla að mestu um öldrun eða málefni eldra fólks. Í námskeiði í upplýsingafræði hefur verið fjallað um upplýsingalæsi aldraðra en það er ekki sérnámskeið.

FFR302M Lífshlaupið, sjálf og samfélag

Ein vika námskeiðsins er helguð fötlun og öldrun. Efnið gæti og hefur komið til prófs.

Félagsráðgjafardeild

Öldrun og málefni eldri borgara (FRG204G, FRG401G)

Fjallað verður um kenningar um öldrun, lífsskeiðaþróun og breytingaferli fullorðinsára frá félagslegu, líkamlegu og tilfinningalegu sjónarhorni. Einnig verður fjallað um löggjöf, stefnumörkun og hugmyndafræði í uppbyggingu þjónustu eldri borgara. Áhersla er lögð á starfshlutverk félagsráðgjafans og aðferðir við ráðgjöf, stjórnun, fræðslu og forvarnarstarf. Í lok námskeiðs er ætlast til að nemendur hafi tileinkað sér þekkingu á málefnum eldri borgara og geti nýtt hana í starfi með öldruðum og fjölskyldum þeirra.

ÖLD102F Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta

Markmið námskeiðsins er að kynna öldrunarfræði sem þverfaglega fræðigrein með aðaláherslu á félagslega öldrunarfræði. Hugmyndafræði fræðigreinarinnar, helstu rannsóknir og rannsóknaraðferðir verða kynntar. Fjallað verður um félagslega, sálræna

og líffræðilega öldrun og áhrif þess að eldast á einstaklinga og umhverfi þeirra. Kynntar verða helstu kenningar öldrunarfræðinnar og fjallað um áhrif þeirra á stefnumótun í öldrunarþjónustu. Áhersla verður lögð á að dýpka þekkingu þátttakenda um málefni aldraðra með það að markmiði að gera þá hæfari til að vinna með öðrum starfsstéttum að velferðarmálum aldraðra.

ÖLD201F Áhrifaþættir öldrunar: Umhverfi, félagsstengsl og heilsufar

Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu þátttakenda í öldrunarfræðum (gerontology) og öldrunarlækningum (geriatri). Fjallað verður um það hvernig umhverfi, félagsleg tengsl og heilsufar hafa áhrif á vellíðan aldraðra. Rætt verður um þjónustu við aldraða almennt og einnig hópa aldraðra með sérþarfir. Mismunandi kenningar öldrunarfræða verða til umræðu og hvernig þær hafa áhrif á viðhorf og þjónustu við aldraðra. Rannsóknir innlendar og erlendar á sviðinu verða kynntar svo og rannsóknaraðferðir öldrunarfræðinnar. Fjallað verður um teymisvinnu í öldrunarþjónustu og áhersla lögð á að kynna starfsaðferðir mismunandi starfsstétta sem vinna að málefnum aldraðra.

FFR302M Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum

Í námskeiðinu er fjallað um ofbeldi og vanrækslu, þar á meðal sjálfsvanrækslu.

Málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

FRG314G Félagsmálalöggjöf I: Framkvæmd og beiting

Í námskeiðinu er fjallað um lífeyris- og réttindamál.

Málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

FRG202G Félagsmálastefnur - velferð og vandi

Í námskeiðinu er fjallað um sögu og upphaf velferðarkerfisins, þar með talið ellilífeyristryggingar hérlandis og alþjóðlega, þjónustu við aldraða og í námskeiðinu er lögð sérstök áhersla á félagsþjónustu sveitarfélaga, þar með talin þjónusta fyrir eldra fólk og hlutverk félagsráðgjafa í því sambandi. Þá er fjallað um fátækt, þar með talin fátækt ólíkra aldurshópa.

Málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

FRG412G Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði

Ekki er sérstakur fyrirlestur um eldra fólk en fjallað um sem hluta af þjónustu innan heilbrigðisþjónustu.

Komið er inn á málefni eldra fólks en ekki líklegt að komi til prófs.

Hagfræðideild

Engin svör bárust frá Hagfræðideild.

Lagadeild

Það eru engin námskeið í Lagadeild þar sem meginefnið er réttarstaða eða málefni aldraðra. Það er komið inn á málefni aldraðra í ýmsum námskeiðum, helst í eftirtöldum:

LÖG203G Fjölskyldu- og erfðaréttur

LÖG201G Stjórnskipunarréttur

LÖG132F Velferðarréttur.

LÖG176F Jafnrétti og bann við mismunun

LÖG191F Efnahagsleg- og félagsleg réttindi – málstofa

LÖG132F Velferðarréttur.

Um málefni aldraðra hefur aðallega verið fjallað almennt í námskeiðinu, stöðu málaflokksins í kerfinu og helstu bótaflokka. Trúlega er helsta umfjöllunin um málefni aldraðra annars vegar í tengslum við umfjöllun um nauðung og sjálfsákvörðunarrétt og hins vegar í tengslum við EES-rétt en farið er nokkuð ítarlega í ESB-reglugerð um samræmingu almannatrygginga.

Ekki mikilvægur hluti í námskeiðinu en líklegt að komi til prófs.

Svarandi tók fram að svo mikið vantaði upp á að deildin hefði fjárhagslega möguleika á að fjalla eins og þörf væri á um réttarstöðu aldraðra í kennslu til að raunhæft væri að hún hefði starfskrafta til að sinna samstarfi við aðrar deildir eða skóla á þessu sviði. Nefnt var samstarf við hjúkrunarfræðing sem hefur rannsakað öldrun.

LÖG176F Jafnrétti og bann við mismunun

Í námskeiðinu er fjallað um fyrirbærin jafnrétti og bann við mismunun í lögfræði og þar er aldur ein af þeim breytum sem eru verndaðar sérstaklega samkvæmt íslenskum rétti

og evrópskum og fjallar námskeiðið því um réttindi aldraðra til jafnréttis á við aðra borgara og bann við mismunun gagnvart þeim að íslenskum og alþjóðlegum rétti.

Málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

Stjórn málafræðideild

Engin námskeið í deildinni eru sérstaklega miðuð að öldrun eða rannsóknum sem tengjast því viðfangsefni. Flest námskeið í t.d. OSS snúa að kerfinu í heild sinni, t.d. heilbrigðismálum.

Viðskiptafræðideild

VIÐ288F Fjölbreytileiki og inngilding (inclusion) í skipulagsheildum

Áhersla er lögð á málefni þeirra sem eldri eru á vinnumarkaði. Tækifæri og skort á þeim vegna hækkandi aldurs, aldursfordóma og fleira.

Málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

Sjö kennarar innan Félagsvísindasviðs svöruðu þeirri spurningu hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. Fimm sögðu meira samstarf innan háskóla æskilegt, einn merkti við svarmöguleikann „veit ekki“ og einn svaraði spurningunni neitandi. Tveir sögðu meira samstarf milli háskóla æskilegt, þrír merktu við svarmöguleikann „veit ekki“, einn sagði „nei“ og einn svaraði ekki þessum liði spurningarinnar.

Heilbrigðisvísindasvið

Innan Heilbrigðisvísindasviðs eru Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild

Það eru mörg námskeið í deildinni sem taka til aldraðra og sum þeirra eru sérstaklega um aldraða og hjúkrun þeirra.

HJÚ525G Öldrunarhjúkrun

Í þessu námskeiði verður fjallað um breytingar sem verða á einstaklingum með hækkandi aldri og helstu viðfangsefni öldrunarhjúkrunar. Gerð verður grein fyrir algengum heilsufarseinkennum, sjúkdómum og hjúkrunarmeðferð sem beitt er við þeim. Sérstök áhersla verður á einkenni vitrænnar skerðingar og greiningu hennar svo og hjúkrun sjúklinga með heilabilun og/eða í óráði.

HJÚ618G Klínísk öldrunarhjúkrun

Í þessu námskeiði kynnist nemandi sértækum þörfum og hjúkrun eldra fólks og þeim breytingum sem verða á einstaklingnum með hækkandi aldri. Áherslan er á að greina hvernig meðferð og mat á eldra fólk þarf að taka tillit til sérstakra þarfa þess svo sem bestur árangur náist í meðferð og endurhæfingu. Með því að taka tillit til sérþarfa eldra fólks má tryggja lífsgæði og stytta legutíma. Verkefni og matstæki sem unnið er með geta skarast við önnur námskeið en tilgangurinn er þá að þjálfar nemandann í að nota matstæki sem og að túlka niðurstöðuna með tilliti til öldrunarbreytinga.

HJÚ711G Heimahjúkrun

Á námskeiðinu er áhersla á hjúkrun í heimahúsum. Ríflega 85% skjólstæðinga heimahjúkrunar eru 65 ára eða eldri. Fjallað er um heimilið sem vettvang heimþjónustu, þar er komið inn á hvernig eldra fólk upplifir heimili sitt. Þá er fjallað um stefnumörkun í málefnum eldra fólks á Vesturlöndum og sérstaklega á Íslandi.

Sérstaklega er fjallað um langvinn sár (bláæðasár) og meðferð við hjartabilun þar sem þetta er algengur sjúkdómur hjá eldra fólk. Einmanaleiki er eitt af umfjöllunarefnum. Fjallað er um skipulag heimahjúkrunar og annarrar þjónustu við fólk sem býr í samfélaginu og þarfnast aðstoðar. Samþætting þjónustu ólíkra faghópa er umfjöllunarefni. Auk þess er fjallað um samstarf við aðstandendur og stuðning við fjölskyldur sem takast á við heilabilun. Velferðartækni og möguleikar á nýtingu hennar í aðstoð við eldra fólk er tekin fyrir. Þá er sérstaklega fjallað um siðfræðileg álitamál í heimahjúkrun og hvernig þau birtast þar sem eldra fólk þarfnast aðstoðar.

HJÚ225G Almenn hjúkrun I

Þetta námskeið snýst að miklu leyti um hjúkrun eldra fólks og annarra með skerta sjálfsbjargargetu en öldrun er sérstakt viðfangsefni.

Í þessu námskeiði er fjallað um grunn almennrar hjúkrunar og hjúkrunarferlið, allt frá mati á skjólstæðingum, greiningu hjúkrunarviðfangsefna, áætlun, meðferð og framvindu skjólstæðings. Kennnd verða grunnhugtök og -viðfangsefni hjúkrunar með áherslu á skjólstæðinga með skerta sjálfsbjargar- og hreyfigetu þar með talið aðhlynningu slíkra skjólstæðinga. Lykilviðfangsefni eru upplýsingasöfnun, sýkingavarnir, þrýstingssáravarnir, áhrif rúmlegu, vinnutækni, næringarástand, útskilnaður, lífsmörk og öryggi við lyfjagjafir. Nemendur læra einnig flóknari viðfangsefni tengd hjúkrun eldra fólks og þeim líkamlegu og sálfélagslegu breytingum sem fylgja öldrun. Sem dæmi er kennt um lífssöguna, færni- og heilsumat vegna flutnings á hjúkrunarheimili, mat á heilsufari íbúa á hjúkrunarheimilum og vísbendingar um gæði þjónustu á hjúkrunarheimilum.

Í færnisetri kynnast og þjálfar nemendur vinnubrögð sín í viðfangsefnum sem fjallað hefur verið um í fræðilegri kennslu. Nemandinn fær þjálfun í notkun kvarða við mat á sjálfsbjargargetu og ástandi skjólstæðinga og kynnist leiðum til að tryggja öryggi þeirra í daglegri umönnun.

Í tveggja vikna klínísku námi á hjúkrunardeild (hjúkrunarheimili) er lögð áhersla á þjálfun í að veita aðhlynningu og aðra grunnhjúkrun, þar með talið færni við samskipti, mat á ástandi skjólstæðinga, greiningu viðfangsefna, áætlun um meðferð einkenna og framkvæmd viðeigandi hjúkrunar.

Öldrun og málefni eldra fólks er meginefni námskeiðsins.

HJÚ726G Heilbrigði og siðfræði

Í þessu námskeiði er fjallað um ofbeldi og vanrækslu og hvernig eldra fólk getur verið sérstaklega viðkvæmur hópur í þessu sambandi. Nemendahópnum er skipt í fernt í hópverkefnum og er a.m.k. fjórðungur heildarhópsins með viðfangsefnið hjúkrun aldraðs einstaklings sem er þolandi ofbeldis. Einnig fjallar allur hópurinn um vanrækslu/ofbeldi gegn aldri konu í einni færslu í fyrirlestrardagbók.

Öldrun og málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

HJÚ727G Langveikir og heilbrigðisþjónusta

Fjallað er um hugtök, einkenni og fyrirbæri sem tengjast langveikum og fjölskyldum þeirra og hjúkrunarmeðferðir sérsniðnar að þörfum langveikra og fjölskyldna þeirra. Einnig er fjallað um siðferðileg álitamál í þjónustu við langveika og fjölskyldur þeirra og úrvinnsla álitamála þjálfuð. Meginsjónarmið er sérstaða langveikra. Stærsti hluti þeirra er aldraður en ekki er fjallað um öldrun sem slíka.

HJÚ831G Bráðahjúkrun – Valnámskeið

Hér er fjallað sérstaklega um einkenni og viðmið í hjúkrun eldra fólks með fjöláverka og aðra áverka, forvarnir gegn slysum og áverkum, samskipti við eldra fólk og aðstandendur þess, og stöðu fólks á hjúkrunarheimilum komi til rýmingar, þ.e. tengt viðbragðsáætlunum stofnana. Nemendur velja klínískan vettvang tengdan bráðahjúkrun og sjúkratilfelli á þeim vettvangi og fjalla því mörg um bráðþjónustu við eldra fólk, t.d. í sjúkraflutningum eða á bráðamóttökum, en það er valkvætt og því ekki allir sem skoða þau viðfangsefni.

Það er fjallað um öldrun og málefni eldra fólks í námskeiðinu en ekki líklegt að komi til prófs.

Það er töluvert fjallað um aldraða sjúklinga í sérnámi í skurðhjúkrun. Í námskeiðinu **HJÚ153F Skurðhjúkrun I** er fjallað um legur sjúklinga á skurðarborði, þrýstingssáravarnir, varnir gegn hitatapi í aðgerð o.fl. Námskeiðið **HJÚ444F Skurðhjúkrun III** fjallar meðal annars um hjúkrun mismunandi sjúklingahópa á skurðstofu og þar er einn fyrirlestur sérstaklega um aldraða í skurðaðgerð. Einnig er fjallað um þarfir aldraðra í **HJÚ824G Bráðahjúkrun**.

Lyfjafræðideild

Öldrun er tekin alveg sér fyrir í námskeiðinu **LYF106F Samþætt sjúkdóma- og lyfhrifafræði**. Það er hins vegar komið inn á öldrun í mörgum öðrum námskeiðum þrátt fyrir að það sé ekki beint hluti af námsefninu eða í námskeiðslýsingum. Í þeim tilfellum

getur verið t.d. umfjöllun um ákveðna lyfjaflokka (t.d. alzheimers lyf), markhópa, lyfjaform, skammtastærðir og/eða milliverkanir vegna fjölda lyfja.

Dæmi um þessi námskeið eru:

LYF516G Klínísk aðgengisfræði

LYF309G Aðgengisfræði og þróunarferli lyfja

LYF617G Nýskráð lyf

LYF514G Lyfjagerðarfræði

LYF217F Klínísk lyfjafræði

Það er kennt um lyfjarýni (e. Medication review) og gæðavísa um lyfjanotkun m. eldri einstaklinga (t.d. Beers, Start & Stopp), byltur, óráð.

Þetta er mikilvægt atriði í námskeiðinu og gæti komið til prófs.

LLYF310F Náttúrulyf/Náttúruvörur

Þetta námskeið fjallar um náttúruvörur og fæðubótarefni. Aldraðir, ásamt ungabörnum, barnshafandi konum o.fl. eru hluti af þeim hópum sem ættu að forðast notkun slíkra vara.

Þetta er mikilvægt atriði í námskeiðinu og gæti komið til prófs.

Læknadeild

Læknadeild annast kennslu og rannsóknir í geislafræði, heilbrigðisgagnafræði, lífeindafræði, læknisfræði og sjúkráþjálfunarfræði.

Læknisfræði

Kennsla í öldrunarlækningum í læknisfræði, innan lyflækninga á 4. ári, inniheldur:

- Þemaviku (1 vika) sem er fræðileg kennsla í öldrunarlækningum.
- Verknám á bráðaöldrunarlækningadeild (1 vika).
- Fyrirlestrar í öldrunarlækningum (4 klst.).
- Einnig er sk. „öldrunardagur“ á 6. ári (1 dagur) með öldrunarlækningum.
- Sá kennari sem hefur umsjón með kennslu í öldrunarlækningum í læknisfræði hefur árlega leiðbeint nemum í BS verkefnum á 3. ári og kennir nemum í lífeindafræði um öldrun.

Sjúkraþjálfunarfræði

SJÚ611G Öldrunarfræði fyrir sjúkraþjálfara

Námskeiðið er það fyrra af tveimur sem fjalla um öldrunarsjúkraþjálfun. Í þessu námskeiði læra nemendur um lykilhugtök og kenningar sem tengjast öldrunarfræðum og mynda grunninn fyrir öldrunarsjúkraþjálfun. Rýnt er í og rætt um tengsl öldrunarsjúkraþjálfunar við lýðfræði öldrunar, líffræðilegar og sálfélagslegar öldrunarkenningar, lífeðlisfræðilegar öldrunarbreytingar og heilsufar (sjúkdóma og raskanir) á efri árum. Fjallað er um faraldsfræði færne og fötlunar á efri árum og það hvernig færne/fötlun byggir á samspili á milli heilsufars, umhverfisþátta og einstaklingsbundinna þátta. Kynntur er fjölbreyttur starfsvettvangur sjúkraþjálfara með eldri notendum/sjúklingum, lög, reglugerðir, talsmannahlutverk sjúkraþjálfara og siðfræðileg gildi sem tengjast málefnum aldraðra. Þjálfuð er leikni og hæfni í samskiptum við eldra fólk með skerta heyrn og nemendur læra að skima fyrir vitrænni skerðingu og þunglyndi. Þá ígrunda nemendur viðhorf til öldrunar, og þjálfra samskipti og samstarf við eldri einstaklinga, í tengslum við viðtöl við eldri einstaklinga og fræðslu sem nemendur veita á vettvangi þar sem öldrunarþjónusta er veitt.

SJÚ202F Öldrunarsjúkraþjálfun

Námskeiðið er það seinna af tveimur sem fjalla um öldrunarsjúkraþjálfun. Í þessu námskeiði er lögð áhersla á fatlanir, sjúkdóma og aðstæðubundnar hindranir, sem eru algengar á efri árum og kalla á sjúkraþjálfun. Raunveruleg dæmi eru lögð til grundvallar allri umfjöllun um stöðluð próf/mat í öldrunarsjúkraþjálfun, heilðrænt öldrunarmat og gangreyndar leiðir til íhlutunar (meðferðar). Unnið er með viðeigandi efni fyrir öldrunarsjúkraþjálfun á meistarastigi, þvert á sérsvið innan sjúkraþjálfunar og mismunandi vinnustaði sjúkraþjálfara. Í námskeiðslok er nemandinn hæfur til að skipuleggja viðeigandi meðferðarferli fyrir aldraðan sjúkling/notanda sem byggir á markmiðum einstaklingsins, miðar að sem bestri færne og vellíðan og tillit er tekið til aðstæðna og heilsufars.

SJÚ409G Hreyfivísindi II: Hreyfistjórn og hreyfigreining

Það er kennt um öldrun í þessu námskeiði. Námskeiðið er um allt æviskeiðið. Þar er m.a. fjallað um jafnvægi, göngu og stjórn á handleggjum og höndum við að teygja handlegg fram (seiling) og að taka um hluti (mismunandi grip). Meginumfjöllunin er um

hvaða þættir/kerfi líkamans koma að stjórn jafnvægis, göngu og seilingu/gripi og hvernig tilgangur verkefnis og umhverfi hafa áhrif á hreyfistjórnina.

Efnið um öldrun er til prófs.

SJÚ311G Heilsuefling I

Heilsuefling og forvarnir fyrir eldra fólk. Áratugur heilbrigðrar öldrunar þar sem áhersla er á aldursvæn samfélög, öldrunarfordóma og samþætta þjónustu. Einnig hreyfingu eldra fólks, ábendingar og viðhorf.

Öldrun og/eða málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og gæti komið til prófs.

SJÚ206G Hreyfivísindi I: Starfræn líffærafræði og lífaflfræði

Lítið er minnst á öldrun í þessu námskeiði. Aðeins er komið inn á lífaflfræðilegar breytingar á líkamanum vegna öldrunar, sem síðan er farið miklu betur í gegnum í öðrum námskeiðum.

Matvæla- og næringarfræðideild

NÆR504M Næring á mismunandi æviskeiðum

Markmiðið að nemendur öðlist djúpan skilning á áherslum næringar hvað varðar farsæla öldrun. Eins er fjallað um grundvöll ráðlegginga og fyrirliggjandi rannsóknir á sviðinu með áherslu á íslenskar rannsóknir.

Hæfniviðið: Útskýrt aðferðafræði og nálganir næringarfræðinnar sem tengjast ráðleggingum til eldri aldurshópa. Útskýrt helstu áherslur í fæðuvali eldri aldurshópa, sem og næringartengda heilsufarskvilla. Geta nefnt áhersluatriði í farsælli öldrun. Nefnt helstu rannsóknir sem gerðar hafa verið á eldri aldurshópum á Íslandi en einnig valdar erlendar rannsóknir sem tengjast næringu og næringarástandi mismunandi aldurshópa. Nefnt næringarefni, matvæli og matvælaflökka þar sem líklegt er að aukning eða minni neysla hefði áhrif á heilsu eldra fólks. Greint frá ráðleggingum fyrir eldri aldurshópa og gert grein fyrir bæði kostum og takmörkunum þeirra.

Öldrun og/eða málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

NÆR606G Næringarmeðferð og sjúkdómafræði I

Að námskeiði loknu getur nemandinn gert grein fyrir meingerðum og áhættuþáttum langvinnra og algengra sjúkdóma hjá öldruðum. Nemandi getur sett fram og rökstutt næringarmeðferð vegna þessara sjúkdóma og hefur færni í því að meta lífefnafræðilegar og líffræðilegar breytur sem tengjast næringarmeðferð þeirra samkvæmt NCP. Nemandinn getur sett fram næringarmeðferð í tengslum við kyngingarvandamál, vandamál varðandi tannheilsu.

Nemandi geri sér grein fyrir siðferðisskyldum heilbrigðisstarfsmanna og þá sérstaklega næringarfræðinga ásamt því að geta unnið innan heilbrigðisgeirans í samræmi við skyldur og réttindi sjúklinga.

Öldrun og/eða málefni eldra fólks er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

Sálfræðideild

Sálfræðideild hefur í gegnum tíðina boðið upp á valnámskeið í grunnnámi (BS námi í sálfræði) sem er námskeiðið *Sálfræði öldrunar*. Þetta námskeið er í boði annað hvert skólaár eins og sum valnámskeið eru í deildinni.

SÁL421G Sálfræði öldrunar

Fjallað verður um ýmsa þætti sem tengjast almennri öldrun, farsælli öldrun, og öldrun sem einkennist af einhvers konar skerðingu. Helstu viðfangsefnin eru rannsóknaraðferðir, heilabilun, hugræn geta, andleg líðan, líkamleg heilsa, byltur, áhættuþættir og verndandi þættir, og kynning á sálfræðilegu mati, greiningu, og helstu meðferðum.

Tannlæknadeild

HVS501M Þverfræðileg samvinna í heilbrigðisvísindum

Kennarar koma einnig úr öðrum deildum háskólans, s.s. Félagsráðgjafardeild.

Í umræðuverkefnum um tilfelli sem þarf að skila er komið inn á þær hamlanir sem geta komið í veg fyrir að aldraðir geti nýtt sér þjónustu eins og aðrir. Í öðru tilfelli er rætt um

hjúkrunaraðstoð sem þarf að veita eldri einstaklingi sem útskrifast heim, hvaða þjónustu hann á rétt á, sem og réttindi hans.

Öldrun og málefni eldra fólks eru mikilvæg atriði í námskeiðinu og gætu komið til prófs.

Eini tannlæknirinn með sérfræðileysi í öldrunartannlækningum heldur fyrirlestra fyrir nemendur við deildina sem snúa að öldruðum skjólstæðingum. Undanfarin ár hefur hann kennt 6. árs tannlæknanemum einn dag í febrúar og farið yfir grunnþætti í öldrunartannlækningum. Auk þess hefur hann á þriggja ára fresti tekið þátt í samkenndu 4., 5. og 6. árs tannlæknanema og endurmenntun tannlækna. Þar hefur hann einnig tekið fyrir heilabilunarsjúkdóma.

Ýmsir aðrir kennarar ræða um meðferð aldraðra, sérstaklega sem snýr að hverju fagi fyrir sig.

Fagstjóri í munn- og tanngervælækningum kennir námskeið þar sem komið er inn á tannheilsu aldraðra og munn- og tanngervi til að auka lífsgæði þeirra. Sérstaklega er rætt um lífsferilinn og lífslíkur og hvernig best er að tryggja að sjúklingar geti tuggið og nærst til æviloka. Þetta er mikilvægt atriði í námskeiðinu og gæti komið til prófs.

Í námskeiðinu **TAN422G Heilgómagerð I fræðileg** er komið inn á efnið tanngervi og aldraðir en ekki líklegt að komi til prófs.

12 kennarar á Heilbrigðisvísindasviði svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. 11 töldu að meira samstarf innan háskóla væri æskilegt en einn merkti við svarmöguleikann „veit ekki“. Sjö kennarar töldu að meira samstarf milli háskóla væri æskilegt en fimm merktu við svarmöguleikann „veit ekki“.
--

Hugvísindasvið:

Innan Hugvísindasviðs eru Guðfræði- og trúarbragðadeild, Íslensku- og menningardeild, Mála- og menningardeild og Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

Guðfræði- og trúarbragðadeild

Í deildinni er námskeið í sálgæslu sem kemur inn á öldrun og málefni aldraðra, enda er drjúgur hluti sálgæslunnar í söfnuðum og sérþjónustu tengdur sorgarvinnu og stuðningi við eldra fólk og aðstandendur þess. Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðadeildar

upplýsti að prófessor í kennimannlegri guðfræði væri til í að setja eitthvað um þessa áherslu inn í námskeiðslýsinguna.

GFR324M Sálgæslufræði

Nú hafa orðið lítils háttar breytingar á lýsingu námskeiðsins GFR324M Sálgæslufræði í kennsluskrá. Þar kemur fram að námskeiðið sé sniðið að þörfum þeirra sem hyggja á vígða þjónustu, en geti einnig nýst öðrum sem nota aðferðir og þekkingu sálgæslu, m.a. hjúkrunarfræðingum og félagsráðgjöfum. Einnig er tekið sérstaklega fram að fjallað verði um öldrun á námskeiðinu. Töluvert af námsefninu fjallar um aðstæður eldra fólks. Flestir nemendur á námskeiðinu sem er kennt á vorönn 2025 eru guðfræðingar, en þar er líka skráður nemandi í hjúkrunarfræði. Við yrðum glöð að fá fleiri fagstéttir umönnunar inn í námskeiðið. Námskeiðið er kennt annað hvert ár.

Íslensku- og menningardeild

Bent var á námskeiðaleit í kennsluskránni. Við lauslega leit fundust ekki námskeið þar sem komið var inn á öldrun og/eða málefni eldra fólks.

Mála- og menningardeild

Samkvæmt upplýsingum deildarforseta Mála- og menningardeildar er stundum komið inn á öldrun í bókmenntanámskeiðum. Prófessor í spænsku orðaði þetta þannig: „Í námskeiðum um bókmenntir er (óbeint) fjallað um þetta efni í tengslum við greiningu sögupersóna tiltekinna verka, t.d. um frumbyggja Ameríku og „costumbrita“ bókmenntir á Spáni undir lok XIX aldar.“ Deildarforseti hefur kennt ljóðasafnið „Tarkovskijs heste“ eftir danska skáldið Piu Tafdrup í námskeiði um danskar samtímabókmenntir. Ljóðin fjalla um þróun heilabilunar hjá föður hennar.

Prófessor í kínversku skrifar: „... hef ég fjallað um þetta efni í rannsóknnum mínum, t.d. greinunum „Aldursfordómar í samtímanum: tilraun til heimspekilegrar úttektar“, *Hugur - tímarit um heimspeki* 33 (2021): 72-92 og „Early Confucian Philosophy on Aging and Intergenerational Responsibility“, *Guoji ruxue / International Studies on Confucianism* 3(12) (2023): 112-124 + 183-184.“ Hann er í samstarfi bæði innanlands (m.a. í Félagsráðgjafardeild) og erlendis um þetta efni. Hins vegar hefur ekki gefist færi á að taka þetta efni fyrir í kennslu.

KÍN101G Kína nútímans: Samfélag, stjórnmal og efnahagur

Það er komið inn á efnið í lýðfræðilegum hluta námskeiðsins, þá eðlilega m.t.t. þróunarinnar í Kína, en ekki líklegt að komi til prófs. Rætt um í samhengi aldursþýramída, barnaumönnunar, eftirlaunaaldurs og sem stækkandi samfélagshóp.

Deildarforseti Mála- og menningardeildar er þeirrar skoðunar að ástæða væri til að huga að því að taka öldrun í auknum mæli til umfjöllunar þar sem við á, enda er öldrun breyta sem á eftir að hafa mikið að segja fyrir flest samfélög jarðar í nánustu framtíð og hugvísindin ættu að láta sig þau varða. Hann er því mjög opin fyrir hvers kyns samstarfi sem varðar þetta svið.

Þann 23. október sl. stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að skipulagningu erindis í samvinnu við Félagsráðgjafardeild sem nefndist „Migrant agency and transcultural creativity in elderly care“ og var flutt af Jan Ifversen, prófessor í Evrópufræðum við Árósháskóla.

Það eru því ýmis teikn um að málefni sem tengjast öldrun og stöðu aldraðra séu þegar farin að læða sér inn til okkar og deildarforseti telur að við ættum tvímælalaust að vera opnari fyrir þeim í nánustu framtíð.

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði

Deildarforseti Deildar heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði benti á námskeiðið **HSP823M Heilbrigðis- og lífssíðfræði**. Í því er fjallað um nokkur helstu álitamál á sviði lífssíðfræði á síðustu árum, einkum í tengslum við þróun á sviði erfðavísinda og erfðarannsóknna og hugsanleg áhrif þeirra á heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstefnu.

Almennt má segja að ekki sé fjallað sérstaklega um öldrunarmál í sagnfræðinni. En í nokkrum námskeiðum á vegum deildarinnar er fjallað um þróun félags- og velferðarmála almennt, t.d. í grunnnámskeiðinu **SAG270G Efnahagur og lífshættir - Íslandssaga III** sem og einstaka valnámskeiðum.

Einn kennari á Hugvísindasviði svaraði beint spurningunni um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. Hann taldi að meira samstarf væri æskilegt, bæði innan háskóla og milli háskóla.

Menntavísindasvið

Innan Menntavísindasviðs eru Deild faggreinakennslu, Deild menntunar- og margbreytileika, Deild kennslu- og menntunarfræði og Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda.

Engin námskeið í Deild faggreinakennslu né í Deild kennslu- og menntunarfræði fjalla um öldrun og/eða málefni eldra fólks.

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda

TÓ308G Tómtundir og þriðja æviskeiðið

Eingöngu er fjallað um aldraða í þessu námskeiði.

Fjallað er um kenningar, stefnumörkun, hugmyndafræði, lífsskeiðapróun og breytingarferli fullorðinsára frá mismunandi sjónarhornum. Farið er í löggjöf og uppbyggingu þjónustu við fólk á þriðja æviskeiðinu. Gerð er grein fyrir öldrunarfræðilegum rannsóknum og fjallað um þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa og áhrif þeirra á þjónustu við fólk á þriðja æviskeiðinu. Áhersla er á tómtundir, virkni, forvarnastarf og þátttöku fólks á þriðja æviskeiðinu í stjórnun og skipulagningu þjónustunnar.

TÓ5510G Tómtundir og áskoranir í nútímasamfélagi

Komið er inn á málefni aldraðra í þessu námskeiði en megináhersla er á málefni fólks á aldrinum 30-60 ára en um þann hóp er sjaldan fjallað sérstaklega í námi í tómtunda- og félagsmálafræði.

Fjallað er um kenningar, starfsaðferðir og hugmyndafræði í vinnu með þessum hópum. Námskeiðið er tvíþætt, annars vegar er fjallað um aldurshópin 25 ára til rúmlega 50 ára og hins vegar um aldurshópin frá rúmlega 50 ára og upp úr, hið svokallaða þriðja æviskeið. Fjallað er um hagnýtar kenningar, rannsóknir, verklag, reynslu af vettvangi og ekki síst gildi tómtunda fyrir þessa aldurshópa.

ÍÞH051F Heilsufar eldri aldurshópa

Farið er yfir líffræðilegar og lífeðlisfræðilegar breytingar sem eiga sér stað við öldrun og áhrif þeirra á þrekbætti, hjarta- og æðakerfi og lungu. Skoðaðar verða breytingar á

helstu kerfum líkamans, s.s. líkamssamsetningu, beinum, vöðvum, hjarta og lungum og hvernig þessar breytingar valda breytingum á styrk, þoli og loftfirtri getu. Fjallað verður um hreyfingu aldraðra og mikilvægi hreyfingar fyrir líkamsástand og heilsufar. Sérstök áhersla verður lögð á að gera grein fyrir tengslum hreyfingar við þrek, holdafar og ýmsa aðra lífsstílsþætti hjá öldruðum. Nemendur fá þjálfun í að greina og meta hreyfifærni og þrek hinna eldri, vinna úr niðurstöðum og hanna einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir. Í gegnum verklegar æfingar og fræðilega kennslu er stefnt að því að nemandi öðlist góðan skilning á ýmsum sérhæfðum þáttum í þjálfun eldri aldurshópa og geti nýtt sér þekkingu við þjálfun aldraðra.

HÍT401G Næring og heilsa

Komið er inn ráðleggingar varðandi næringu aldraðra í einum tíma. Farið er yfir næringarþarfir aldraðra og horft á ólíka undirhópa innan hópsins eftir t.d. líkamlegri hreysti, færni til að matast og búsetu. Efni verður til prófs og kemur á prófi.

Deild menntunar- og margbreytileika

ÞRS212G Fötlan og lífshlaup

Í þessu námskeiði verður líf og aðstæður fatlaðs fólks á ólíkum æviskeiðum skoðað með það að markmiði að greina hvernig best megi styðja við fulla samfélagsþátttöku þess og fjarlægja manngerðar hindranir í lífi fatlaðs fólks á öllum aldri. Hér er fjallað um lífshlaupið frá barnæsku til elli ára. Öldrun er mikilvægt atriði í námskeiðinu.

Fimm kennarar á Menntavísindasviði svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. Allir töldu að meira samstarf væri æskilegt innan háskóla. Tveir töldu að meira samstarf væri æskilegt milli háskóla, einn sagði nei og einn merkti við svarmöguleikann „veit ekki“. Einn af þessum fimm svaraði með því að segja að hann teldi æskilegt að meira þverfaglegt samstarf væri um málefni aldraðra, sérstaklega frítíma og tómstundir.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Raunvísindadeild, Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Jarðvísindadeild og Líf- og umhverfisvísindadeild.

Eingöngu barst svar frá deildarforseta Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Prófessor í samgönguverkfræði kennir grunnnámskeiðið **BYG503G**

Samgönguverkfræði. Ekki er mikið komið beint inn á öldrun í þessu námskeiði, en minnst á eldri ökumenn og hönnun samgöngukerfa. Meira er komið inn á öldrun í framhaldsnámskeiðum. Í námskeiðinu **UMV401G Landfræðileg upplýsingakerfi 1** er einnig eitt sýnidæmi um rannsókn á búsetu eldri borgara og hvernig hún þróast með tímanum og unnið verkefni um búsetudreifingu eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu.

Sami prófessor hefur einnig kennt í námskeiði í Félagsráðgjafardeild, **ÖLD201F Áhrifabættir öldrunar: Umhverfi, félagstengsl og heilsufar.** Þar kennir hann um aldraða ökumenn.

Hann kemur mikið inn á öldrun og akstur í rannsóknum sínum. Hann segist því vilja taka þátt ef til sameiginlegs náms í öldrunafræðum kemur, þar sem hann myndi ræða öldrun og samgöngur, þ.e. öldrun og akstur en einnig öldrun og aðrar samgöngur, göngu, hjólræði og almenningssamgöngur.

Viðauki 2: Háskólinn á Akureyri

Innan Háskólans á Akureyri eru tvö svið, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið.

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið

Innan Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs eru fjórar deildir; Auðlindadeild, Hjúkrunarfræðideild, Iðjupjálfunarfræðideild og Viðskiptadeild.

Hér verða listuð upp þau námskeið eftir deildum þar sem upplýsingar fengust um að komið væri inn á öldrun og/eða málefni eldra fólks.

Auðlindadeild

Þetta er áhugavert verkefni! Við í Auðlindadeild kennum þó ekkert á þessu sviði þannig að það eru því miður engin námskeið sem við getum bætt við listann.

Hjúkrunarfræðideild

Fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða.

Háskólinn á Akureyri er fyrsti háskólinn á Íslandi sem býður upp á fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða. Um er að ræða tveggja ára sveigjanlegt nám sem er skipulagt þannig að nemandi sé í starfi samhliða því.

Boðið er upp á kjörsviðið öldrunar- og heimahjúkrun.

HFH0105 Heilbrigðisfræðsla – forvarnir og heilsuefning

Nemendur læra hér að sinna alhliða heilbrigðisfræðslu, sem felur í sér bæði stuðningsþætti og kennslufærni. Nemendur kynnast helstu hugmyndafræði, kenningum og tækni við að veita fræðslu, jafnt til skjólstæðinga og aðstandenda sem og til samstarfsfólks. Sérstök áhersla er á að nemendur öðlist innsýn í mikilvægi fræðslu tengda forvörnum, heilsu- og valdeflingu fyrir aldraða og fái æfingu í að greina fræðsluparfir einstaklinga því tengdu. Einnig læra nemendur grunn klínískrar leiðsagnar til að öðlast færni sem klínískir leiðbeinendur. Markmiðið með námskeiðinu er að

nemendur geti skipulagt, framkvæmt og fylgt eftir fræðslu og kennslu á víðum grundvelli og hafi þekkingu á grunnþáttum náms fullorðinna.

UGV0105 Umönnunarumhverfi – öryggi, gæði og velferðartækni

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist greinargóða þekkingu á hvernig umönnunarumhverfi og stuðningur við að skipuleggja rými og viðverustað hefur áhrif á öryggi og lífsgæði fólks. Fjallað verður um þá þætti sem hafa áhrif á umönnunarumhverfi, allt frá einstökum hjálpartækjum til staðsetningar, öryggis heimila og öryggisbúnaðar innan heimila, ásamt hvernig stuðla megi að öruggu og góðu vinnuumhverfi. Farið verður yfir hvernig skráning á lífssögu skjólstæðinga getur stuðlað að auknum lífsgæðum, félagslegri þátttöku og sjálfræði. Nemendur kynnast mismunandi aðferðum sem notaðar eru, s.s. nýsköpun og velferðartækni og fjarheilbrigðisþjónustu. Þeir fá kynningu á tæknilegum lausnum sem fólk getur nýtt sér til þess að stuðla að sjálfræði og félagslegri þátttöku og lífsgæðum á eigin forsendum. Nemendur æfa sig í að greina þörf fyrir og skipuleggja umhverfi sem stuðlar að færni og lífsgæðum.

ÖHK0105 Öldrunarhjúkrun I – hugmyndafræði, persónumiðuð nálgun og fjölskylduhjúkrun

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist hagnýta þekkingu á helstu kenningum í öldrunarhjúkrun með áherslu á heildræna persónumiðaða nálgun í umönnun aldraðra. Tilgangurinn er að nemendur verði færir um að greina þarfir og beita lausnamiðaðri og einstaklingshæfðri nálgun í þeim tilgangi að viðhalda og efla lífsgæði aldraðra. Kynntir verða helstu þættir viðhaldsþjálfunar og endurhæfingar og lögð áhersla á gildi fjölskylduhjúkrunar í heildrænni nálgun. Einnig verður fjallað um siðferðileg viðmið og stefnumótun í málefnum aldraðra. Auk þess verða gæðastuðlar og RAI-mat kynnt fyrir nemendum og fjallað um nytsemi þeirra í uppbyggingu þjónustu við aldraða, heimahjúkrun sem og á hjúkrunarheimilum.

ÖHK0210 Öldrunarhjúkrun II – greiningar, meðferðir og færni

Námskeiðinu er ætlað að skapa vettvang fyrir nemendur til að læra um þau áhrif sem öldrun hefur á heilsu, líðan, lífsgæði og þjóðfélagsstöðu. Fjallað er um hlutverk, úrræði og ábyrgð sjúkraliða við mat á hjúkrunarþörfum, ástandi og aðstæðum aldraðra og fjölskyldna þeirra, bæði á hjúkrunarheimilum og í heimahúsum. Nemendur fá einnig

innsýn inn í hvernig setja á fram tillögur að hjúkrunarmeðferðum, framfylgja eftirliti með framkvæmd þeirra og mikilvægi endurskoðunar. Námskeiðið inniheldur tveggja vikna klínískt nám þar sem lögð verður sérstök áhersla á almennar sýkingavarnir, framsetningu hjúkrunarmeðferða, framkvæmd, mat og eftirfylgni, auk þjálfunar í verklegum þáttum. Nemendur fá því kennslu og þjálfun í grunnþáttum uppsetningar og umhirðu þvagleggs og æðaleggs, framkvæmd blóðtöku og sármeðferðum. Nemendur þjálfast einnig áfram í klíníska náminu, gefa skömmtuð lyf á öruggan hátt samkvæmt kennslu og hæfnimarkmiðum sem skilgreind eru í námskeiðinu Öldrun, lyfjaumsjón og sérhæðar meðferðir ÖLD02052.

SAT0106 Samskiptafræði og krefjandi atferlistruflanir

Markmiðið er að nemendur fá innsýn inní helstu kenningar og hugmyndafræði um hvernig hægt er að nota samskipti sem meðferðartæki. Áhersla er á að nemandi öðlist skilning á mismunandi þörfum einstaklinga og lausnaleit í samskiptum, jafnt við skjólstæðinga sem og aðstandendur og fjölskyldur. Nemendur læra hvernig á að takast á við krefjandi atferlistruflanir hjá einstaklingum með heilabilun eða fíknisjúkdóm og um sérhæðan stuðning við aðstandendur. Sérstök áhersla er á að nemendur öðlist þekkingu og færni í að beita sérhæfðum samskiptaaðferðum sem virkri meðferð einstaklinga, auk aðlögunar umhverfisþátta. Eldra fólk er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs

ÖLD0110 Öldrun og langvinnir sjúkdómar I

Markmiðið er að nemendur fái innsýn í helstu líkamlegu, andlegu og félagslegu þætti sem eru viðfangsefni farsællar öldrunar. Í því samhengi læra nemendur um lífeðlisfræðilegar breytingar og áhrif þeirra á heilsu og virkni á efri árum. Fjallað verður um algenga langvinna sjúkdóma aldraðra með sérstakri áherslu á sykursýki, gigtar-, öndunarfæra-, hjarta- og æðasjúkdóma, Parkinson, þunglyndi og heilabilun auk heyrnar- og sjónskerðingar. Í því samhengi læra nemendur um möguleg og mismunandi áhrif þessara sjúkdóma á virkni og alhliða lífsgæði aldraðra. Nemendur læra um heilsufarsmat og framkvæmd þess auk þess um gerð áhættumats er kemur að þáttum eins og húðheilsu, næringarástandi, verkjum, geðheilsu o.s.frv. Markmiðið er að efla færni nemenda í að meta þörfina, framkvæma matið og nýta slík matstæki við skipulag umönnunar og þjónustu við aldraða með öryggi og bætt lífsgæði aldraðra í huga.

Nemendur munu einnig öðlast þekkingu á verkjum, verkjamati og verkjameðferð hjá öldruðum. Þá verður gefið yfirlit um hjúkrunarferlið og notkun þess.

ÖLD0205 Öldrun, lyfjaumsjón og sérhæðar meðferðir II

Í námskeiðinu læra nemendur um lyfjameðferðir og sérhæðar meðferðir fyrir aldraða. Rýnt er í lyfjafræði með tillit til öldrunar, og farið yfir hvernig hækkaður aldur hefur áhrif á lyfjahvörf, lyfhrif, lyfjapol, milliverkanir, aukaverkanir og meðferðarfylgni. Í því samhengi fá nemendur innsýn inní þá þætti sem skipta máli við lyfjagjöf hjá öldruðum, svo sem skammtastærðir, milliverkanir og mikilvægi réttrar tímasetningar við lyfjagjöf. Nemendur munu öðlast þekkingu á algengustu lyfjaflokkum sem notaðir eru af öldruðum, svo sem hjartalyf, öndunarfæralyf, húðlyf, meltingarfæralyf, verkjalyf, gigtarlyf, sykursýkislyf, sýklalyf, geðlyf, Parkinsonlyf og Alzheimerslyf. Nemendur læra einnig grunnþætti í umgengni, geymslu á lyfjum og eftir hvað kerfum lyfjaherbergi eru sett upp. Einnig hvernig gefa á notendum heilbrigðisþjónustu skömmtuð lyf á öruggan hátt um munn, á húð, sem augndropa, nefúða og stíla í endaparm eða leggöng. Þá læra nemendur örugga lyfjagjöf skammtaðra lyfja undir húð og í vöðva, og að skrá á viðeigandi hátt.

Hjúkrunarfræði BSc

HJÚ106 Hjúkrunarfræði

Aldurssamsetning þjóðar og hækkandi lífaldur hefur víðtæk áhrif á heilbrigðisþjónustu. Í grunnáfangi í hjúkrun er það eðlilegur hluti af námsefninu. Einnig er komið inn á þetta varðandi fjölþættan heilbrigðisvanda, flókna hjúkrun og hlutverk hjúkrunarfræðinga í teymisvinnu varðandi meðferð langveikra. Talað er sérstaklega um heilabilun o.fl.

Öldrun og eldra fólk er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

SFH0106 Siðfræði heilbrigðisstétta

Tilgangur námskeiðsins er að nemendur fræðist um heimspekilega siðfræði, bæði almennt, s.s um hugtök, kenningar og úrlausnarefni, auk sértækra siðferðilegra verkefna heilbrigðisstétta. Markmiðið er að gera nemendur hæfa um að beita aðferðum siðfræðinnar til gagnrýnnar hugsunar, greiningar hugtaka og að geta fært rök fyrir máli sínu. Einnig er markmiðið að nemendur öðlist færni í að takast á við sértæk álitamál er

varða einstaklinga er þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda, allt frá samskiptum til réttlátrar skiptingar úrræða heilbrigðisþjónustu.

Það er komið inn á eldra fólk í námskeiðinu en ekki líklegt að efnið komi til prófs.

VOÞ0104 Vöxtur og þroski

Námskeiðinu er ætlað að veita greinargóða innsýn í vöxt og þroska mannsins frá vöggum til grafar og helstu kenningar þar að lútandi. Fjallað er um líkamlegan, vitrænan og félagslegan þroska og persónuþroska einstaklinga á mismunandi æviskeiðum. Hugað er að ýmsum þáttum sem hafa áhrif á þroska og atgervi, með áherslu á samspil erfða og umhverfis. Að lokum kynnast nemendur völdum frávikum frá dæmigerðum vexti og þroska.

Öldrun og eldra fólk er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

GHJ0112 Geðhjúkrun

Tilgangur námskeiðsins er í aðalatriðum sá að nemandinn kynnist grundvallarhugmyndum og helstu aðferðum sem notaðar eru í geðhjúkrun. Þá er einnig tilgangur að gefa innsýn í helstu einkenni geðsjúkdóma. Nemandi fær í verklegu námi tækifæri til að kynnast og taka þátt í starfi hjúkrunarfræðinga á geðdeild. Áhersla er lögð á að nemandinn fái yfirlit yfir uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustunnar í landinu og að hann verði meðvitaður um mikilvægi geðhjúkrunar á hinum ýmsu sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Klínískt nám er í námskeiðinu.

Eitthvert efni tengt öldrun og eldra fólk er kennt í námskeiðinu en ekki líklegt að það komi til prófs.

HFP0206 Heilbrigðisfræðsla og þekkingarmiðlun

Fræðsla fyrir aldraða er mikilvægt atriði í námskeiðinu og gæti komið til prófs. Unnið er verkefni upp úr námsefninu sem er hluti af námsmati.

SAH0206 Samfélagshjúkrun II

Hjúkrunarnemar á 4. ári fara í verknám í heimahjúkrun og fá ítarlega fyrirlestra um slíkt. Fjallað er um aldraða og hjúkrunarþarfir þeirra þar sem þeir eru stærsti hlutinn af þeim skjólstæðingahópi sem nemar sinna í verknáminu. Þetta er mikilvægt atriði í námskeiðinu og gæti komið til prófs.

ÖHJ0108 Öldrunarhjúkrun

Námskeiðinu er ætlað að kynna fyrir nemendum þau áhrif sem öldrun hefur á heilsu, líðan, lífsgæði og þjóðfélagsstöðu aldraðra. Áhersla er lögð á öldrunarbreytingar og heilsufarsvandamál aldraðra. Fjallað er um hlutverk, úrræði og ábyrgð hjúkrunarfræðinga við mat á ástandi og aðstæðum aldraðra og fjölskyldna þeirra. Siðferðileg viðmið í umönnun aldraðra verða einnig kynnt og stefnumótun í málefnum aldraðra. Klínískt nám er í námskeiðinu.

Framhaldsnámsbraut Hjúkrunarfræðideildar

GHB0110 Geðheilbrigði og GHB0105 Geðheilbrigði

Farið er yfir stöðu geðþjónustu og hugmyndafræði sem liggur henni að baki. Sérstaklega er fjallað um viðkvæma hópa sem hafa sögulega ekki haft aðgengi að sömu þjónustu og aðrir eins og t.d. aldraðir. Fjallað er um breytingar sem vitað er um, tengt geðhag eldra fólks í samfélaginu.

Engin próf eru í áfanganum en tvö stór verkefni eru með efnisval og hafa margir nemendur fjallað um hvernig hægt væri að bæta geðþjónustu við aldraða.

OFB0110 Sálræn áföll og ofbeldi

Fjallað um afleiðingar áfalla og ofbeldis fyrir fullorðna og þar á meðal aldraða, eða langtímaafleiðingar fyrir einstaklinga.

Það er komið inn á eldra fólk en ekki líklegt að efnið komi til prófs.

Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun

Um er að ræða nýja námsleið sem hófst haustið 2024 við Hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri sem leiðir námið en það er kennt í samstarfi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Námið er 60 ECTS einingar og tekið á tveimur árum. Námið er þverfaglegt og veitir viðbótardiplómu á meistarastigi í heilbrigðisvísindum.

ÖHE0110 Heilbrigð öldrun, öldrunarþjónusta og heilsuefning

Viðfangsefni þessa námskeiðs eru áhrifapættir heilbrigðis á efri árum og hvaða leiðir eru til að efla og viðhalda heilbrigði, færni, lífsgæðum og vellíðan aldraðra í samspili

við fjölskyldur þeirra og umhverfi. Markmið er einnig að nemendur öðlist víðtæka þekkingu á hugmyndafræði og uppbyggingu heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu fyrir aldraða. Enn fremur þurfa nemendur að þekkja lagaramma þjónustunnar og þau persónuverndarákvæði sem við eiga. Lögð verður áhersla á persónumiðaða og valdeflandi nálgun í velferðarþjónustu.

Áhersla er á að nemendur öðlist þekkingu á hvernig líkamleg, sálræn, félagsleg og vitræn heilsa þróast með aldrinum með hliðsjón af öldrunarfræðum og leiðir til að efla og viðhalda heilsu, vellíðan og lífsgæðum á efri árum. Horft er til framtíðarþróunar í málefnum aldraðra og skoðað á hvern hátt umönnun og þjónusta getur eflt og styrkt einstaklinginn og fjölskyldu hans til að lifa farsælu lífi í sjálfstæðri búsetu.

Kynnt verða helstu matstæki sem meta heilsu, færni og lífsgæði á efri árum. Þá verður farið í grundvallarþætti í heilsuefningu, heilbrigðisfræðslu og endurhæfingu á þessu æviskeiði. Lögð verður áhersla á umhverfisþætti og möguleika velferðartækninnar til stuðnings við sjálfræði og öryggi.

HGL 0105 Heilabilun, greining og lyfjameðferðir

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist greinargóða þekkingu á algengum heilabilunarsjúkdómum og skilning á tengslum meingerðar þeirra og birtingarmyndar heilabilunarsjúkdóma. Áhersla er á að nemendur þekki fyrstu einkenni heilabilunarsjúkdóma og geti leiðbeint um fyrstu skref þegar grunur kviknar um heilabilun. Að nemendur hafi þekkingu á helstu greiningaraðferðum og lyfjameðferðum. Nemendur þurfa einnig að þekkja hvernig heilabilun hefur áhrif á færni einstaklings til athafna daglegs lífs og jafnframt hvernig heilabilun einstaklings hefur áhrif á fjölskyldu hans og hvernig hlutverk innan fjölskyldnanna breytast með vaxandi vitrænni skerðingu einstaklings.

Nemendur munu einnig öðlast færni í að eiga samskipti sem grundvallast af virðingu og samhygð við einstaklinga með vitræna skerðingu og fjölskyldur þeirra og geti leiðbeint þeim um næstu skref í kjölfar greiningar á heilabilunarsjúkdómi. Einnig þurfa nemendur að kunna skil á helstu leiðum til að styðja við einstaklinga með heilabilun og fjölskyldur þeirra í kjölfar greiningar.

PSM0110 Persónumiðuð hugmyndafræði í þjónustu við fólk með heilabilun, samskipti og meðferðarúrræði

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist greinargóða þekkingu á hugmyndafræði persónumiðaðrar þjónustu við fólk með heilabilun. Fjallað verður um helstu meðferðarúrræði með áherslu á persónumiðaða nálgun sem verkfæri í styðjandi umönnun í samskiptum við einstaklinga með heilabilun sem byggð eru á virðingu og samhygð. Áhersla er á að nemandi öðlist þekkingu á mismunandi þörfum einstaklinga og lausnaleyti í samskiptum, jafnt við einstaklinginn sjálfan sem og aðstandendur og fjölskyldur. Nemendur læra einnig um orsakir breytts atferlis og að hvaða leyti það geta verið eðlileg viðbrögð við aðstæðum. Nemendur þurfa að þekkja hvernig helstu atferlistruflanir eru metnar og viðurkenndar aðferðir til að bregðast við þeim. Sérstök áhersla er á að nemendur öðlist hæfni í að beita mismunandi persónumiðuðum aðferðum og geti veitt meðferð sem styður við persónuheild einstaklingsins, auk aðlögunar umhverfispáttá, og að veita viðeigandi ráðgjöf um það.

SFL0105 Siðfræði í þjónustu við fólk með heilabilun

Markmið námskeiðsins er að nemendur fái innsýn í helstu kenningar og hugmyndafræði siðfræði í þjónustu við einstaklinga með heilabilun og fjölskyldur þeirra sem og réttindi þeirra. Áherslan er á sjálfsþekkingarfærni og hvernig hægt er að nota hana til þjálfunar faglegrar færni. Lögð er áhersla á hvernig rætt er af virðingu við einstaklinginn um þann sjúkdóm sem veldur heilabilun. Þá er einnig farið markvisst í umhyggju- og samhygðarsiðfræði og hvernig tryggja má fagleg samskipti við fólk með heilabilun og fjölskyldur þeirra. Nemendur læra einnig um siðferðileg hugtök eins og sjálfræði, réttlæti og virðingu og mikilvægi þeirra fyrir velferð fólks með heilabilun. Þá verða siðferðileg álitamál er varða þennan skjólstæðingahóp dregin fram og nemendur öðlast færni í að takast á við þau og leysa á uppbyggilegan hátt. Lagalegur rammi þessa málaflokks verður skoðaður og dregnar fram helstu áherslur. Fjallað verður um faglega skráningu varðandi fólk með heilabilun út frá siðfræði og lagalegum ramma. Sérstök áhersla er á siðfræði meðferðar við lífslok. Tilgangur námskeiðsins er að gera nemendur færa um að takast á við siðferðilegar áskoranir starfsins af öryggi og fagmennsku.

ASM0105 Krefjandi atferli hjá fólki með heilabilun, samskipti og meðferðarúrræði

- **Námskeiðið verður kennt í Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2025**

Námskeiðið byggir á efnistökm námskeiðs um persónumiðaða hugmyndafræði, samskipti og meðferðarúrræði með sérstakri áherslu á krefjandi atferlis-, forvarna- og meðferðarúrræði við því. Nemendur þurfa að þekkja hvernig erfitt atferli er metið og viðurkenndar aðferðir til að bregðast við þeim. Áhersla er á að nemandi öðlist þekkingu á mismunandi þörfum einstaklinga með krefjandi atferli og hvaða lausnir koma til greina er byggja á virðingarríkum samskiptum, jafnt við einstaklinginn sjálfan sem og aðstandendur og fjölskyldur. Sérstök áhersla er á að nemendur öðlist hæfni í að beita mismunandi persónumiðuðum aðferðum við erfiðu atferli og geti veitt meðferð sem styður við persónuheild einstaklingsins. Einnig þarf nemandinn að þekkja hvernig aðlögun umhverfispáttá skiptir máli og hvernig veita á viðeigandi ráðgjöf um það.

RMT0105 Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, málastjórn, fræðsla og teymisvinna

- **Námskeiðið verður kennt í Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2025**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist greinargóða þekkingu á hlutverki ráðgjafa, þar á meðal málastjórn. Farið verður í gegnum helstu aðferðir við að veita ráðgjöf og að hafa umsjón með og stýra málum þannig að þörfum fólks með heilabilun, aðstandenda og starfsfólks sé mætt. Fjallað verður um muninn á að koma sem utanaðkomandi ráðgjafi eða vera hluti af starfsfólki stofnunar. Hugmyndafræði og aðferðir áhugahvetjandi samtaltækni verða kynntar og nemendur fá grunnþjálfun í aðferðinni. Fjallað verður um hugmyndafræði og aðferðir við fræðslu. Lögð verður áhersla á þjálfun í aðferðum og tækni við að veita fræðslu, jafnt til fólks með heilabilun, aðstandenda sem og til starfsfólks stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Markmiðið er að þjálfar nemendur í miðlun upplýsinga og að veita stuðning og fræðslu á ýmsum stigum heilabilunar. Fjallað er um teymisvinnu og þverfaglegt samstarf og rýnt í hlutverk ólíkra fagstétta innan velferðarkerfisins og nemendur æfa sig í teymisvinnu.

FUM105 Fjölskyldur og umönnunaraðilar fólks með heilabilun

- **Námskeiðið verður kennt í Félagsráðgjafardeild HÍ haustið 2025**

Farið er í gegnum helstu hugmyndafræði og aðferðir við að veita aðstandendum og fjölskyldum fólks með heilabilun þann stuðning sem þau þarfnast með áherslu á virðingarrík samskipti, valdeflingu, heilsuefingu og þekkingu. Áhersla er á þarfir og styrkingu aðstandenda sem umönnunaraðila, úrvinnslu og aðlögun að breyttum aðstæðum. Meðal annars er farið í aðferðir til að miðla upplýsingum á sem bestan hátt til fjölskyldunnar og virkja hana eins og hverjum og einum hentar sem stuðnings- og/eða umönnunaraðilar út frá aðstæðum og aðlögunarfærni.

Iðjuþjálfunarfræðideild

Námskeið eru í flestum tilvikum ekki afmörkuð við ákveðna hópa fólks fyrir utan að það er áhersla á öldrun í námskeiðunum **Þjónusta iðjuþjálfara 1** og **Þjónusta iðjuþjálfara 3** en þau námskeið eru að mestu verkleg. Boðið er upp á diplóma á meistarastigi. Í því námi fara nemendur í öllum þjónustu iðjuþjálfara námskeiðunum (eru 3) á staði þar sem eru aldraðir og æfa þeir sig í allri þjónustu við þann hóp (mat og íhlutun) og skila verkefnum um þetta. Í **FMF1106 Fagmennska og fagsjálfræði** (diplóma á meistarastigi) er áherslan á fagmennsku og nemendur gera ýmis verkefni þar sem þeir skoða sjálfa sig sem verðandi fagfólk. Stundum eru þeir að ígrunda eitthvað sem hefur átt sér stað á vettvangsnámsstað þar sem verið er að þjónusta eldra fólk.

EAT0106170 Efnisheimur aðgengi og tækni

Í námskeiðinu er fjallað um efnislegt aðgengi út frá „aðgengi fyrir alla“ og „aðgengi og algilda hönnun“. Einnig vinna nemendur verkefni þar sem þeir gera úttekt á heimili (oftast velja þeir heimili eldri einstaklinga). Það er því talsvert fjallað um öldrun í samhengi við efnislegt aðgengi og hjálpartækjamál.

IBJ0108170 Inngangur að iðjuþjálfunarfræði

Í námskeiðinu skoða nemendur m.a. iðju og iðjusýn á mismunandi æviskeiðum. Nemendur fara einnig 16 stundir, í 2-4 nemenda hópum, í vettvangsheimsókn og vinna verkefni í kjölfarið, sem kynnt er fyrir samnemendum í lotu. Fókusinn er á störf iðjuþjálfara og það eru alltaf hópar sem fara á vettvang tengt þjónustu við aldraða.

ATP0110 Athafnir og þátttaka

Í námskeiðinu er unnið verkefni þar sem nemendur skoða iðju fólks á ólíkum æviskeiðum. Nemendum er raðað niður á mismunandi aldursskeið. Tveir hópar taka fyrir fólk eldra en 67 ára. Verkefnin eru kynnt fyrir samnemendum í kynningu á Padlet vegg svo allir fá innsýn.

LLD0104 Leiðsögn og lærdómur

Í námskeiðinu er verkefni þar sem nemendur fræða samnemendur um lærdóm á mismunandi aldursskeiðum (kafla í kennslubók). Einn hópur tekur fyrir fólk eldra en 67 ára. Kennsla fer fram í lotu svo allir aðrir nemendur fá kennslu um efnið frá samnemendum.

ÞFR0104 Þjónustuferli og fagleg rökleiðsla 1: Hreyfanleiki

Í námskeiðinu vinna nemendur verkefni út frá mismunandi skjólstæðingssögum og setja upp þjónustuáætlun. Nemendur hafa val um hvaða sögu þeir taka fyrir (ein sagan er um aldraðan mann, rúmlega áttæðan). Verkefnið er kynnt fyrir samnemendum í kynningu á Padlet vegg. Að auki fara nemendur í 40 stunda vettvangsheimsókn og einhverjir fara á staði þar sem aldraðir fá þjónustu.

HHE0108 Heilsa og heilsuefning

Í námskeiðinu er fjallað almennt um hugmyndafræði heilsuefningar og ójöfnuð í heilsu ásamt því að skoða Heilsuefndi samfélag út frá ólíkum aldri fólks, m.a. eldra fólks og heilsuefndi heilbrigðisþjónustu.

ÞFR0204 Þjónustuferli og fagleg rökleiðsla 2: Hugastarf

Í námskeiðinu vinna nemendur verkefni út frá matsupplýsingum sem þeir safna í vettvangsheimsókn (44 tímar) og setja upp þjónustuáætlun. Umtalsverður hluti nemenda (en ekki allir) fer í heimsókn á staði þar sem aldraðir fá þjónustu, svo sem öldrunarheimili.

ÞJI1112 Þjónusta iðjuþjálfar 1

Námið fer fram bæði innan og utan háskólans, en 205 tíma vettvangsnám er sambætt við bóklegt nám (4 ECTS einingar). Meginviðfangsefni nemenda er þjónusta við

ákveðinn aldurshóp skjólstæðinga. Beitt er lausnamiðuðum námsaðferðum (PBL) þar sem nemendur kynnast ólíkum matsaðferðum og íhlutunarúrræðum fyrir hópinn áður en þeir fara á vettvang. Á vettvangi fá nemendur úthlutað leiðbeinanda sem er starfandi iðjuþjálfari á staðnum. Auk þess taka þeir þátt í handleiðsluhópi sem er stýrt af kennara með sérþekkingu á þjónustu við ákveðinn aldurshóp (börn/ungmennir, fullorðnir, aldraðir). Á vettvangi gefst nemendum tækifæri til að þjálfa sig í faglegum samskiptum og beita faglegri rökleiðslu.

ÞJI1212 Þjónusta iðjuþjálfara 2

Eins og í námskeiðinu á undan fer námið fram bæði innan og utan skólans, en 240 tíma vettvangsnám er samþætt við bóklegt nám (3 ECTS). Meginviðfangsefni nemenda er aftur þjónusta við skilgreindan aldurshóp, en ekki sama hóp og í námskeiðinu á undan. Lausnamiðuðum námsaðferðum (PBL) er aftur beitt. Auk þjálfunar í að veita einstaklingsmiðaða þjónustu er einnig lögð áhersla á þjónustu við hópa og samfélög. Nemendur fá leiðbeinanda á vettvangi sem er starfandi iðjuþjálfari á staðnum og taka einnig þátt í handleiðsluhóp sem er stýrt af kennara með sérþekkingu á þjónustu við viðkomandi aldurshóp. Á vettvangi taka nemendur smám saman aukna ábyrgð á þjónustu við skjólstæðinga og samskiptum við aðstandendur, samstarfsfólk og aðra um leið og þeir auka hæfni sína í að skipuleggja og veita þjónustu við hæfi.

Hluti nemenda fer í vettvangsnám (6 vikur) á staði þar sem aldraðir fá þjónustu iðjuþjálfara. Enn er námsefni í lotu tileinkað hópnum og nemendur hafa aðgang að lesefni á Canvas.

ÞJI1315 Þjónusta iðjuþjálfara 3

Þetta er síðasta námskeiðið af þremur um þjónustu iðjuþjálfara og lokaatriðið í undirbúningi nemanda til að öðlast starfsréttindi sem iðjuþjálfari. Eins og í fyrri þjónustunámskeiðum fer námið fram bæði innan og utan skólans, en 355 tíma vettvangsnám er hluti af námskeiðinu ásamt bóklegu námi (2 ECTS einingar). Meginviðfangsefni nemenda er enn þjónusta við ákveðinn aldurshóp (þ.e. börn/ungmennir, fullorðnir eða aldraðir) og þeir þjálfa sig nú í ólíkum matsaðferðum og þjónustuleiðum fyrir síðasta hópinn, eftir því hvaða reynslu þeir hafa fengið í undanfarandi þjónustunámskeiðum. Lausnamiðuðum námsaðferðum (PBL) um þjónustu

við markhópin er áfram beitt, en í þetta sinn með viðbótaráherslu á leiðir til að rýna í og hafa áhrif á þjónustuumhverfið í víðum skilningi. Á vettvangi fá nemendur úthlutað leiðbeinanda sem er starfandi iðjupjálfi á staðnum auk þess sem þeir taka þátt í handleiðsluhópi sem er stýrt af kennara með sérþekkingu á þjónustu við viðkomandi aldurshóp. Í lok vettvangstímabils taka nemendur að mestu ábyrgð á þjónustunni sem þeir veita og faglegum samskiptum við skjólstæðinga sína, samstarfsfólk og aðra hagsmunaaðila. Námskeiðinu lýkur með munnlegu prófi þar sem nemandi gerir grein fyrir og ræðir þjónustu sína við ákveðinn skjólstæðing (einstakling, hóp eða samfélag) í faglegu samhengi.

Viðskiptadeild

Það er hvergi komið inn á öldrun eða eldra fólk í námskeiðum í Viðskiptadeild.

Tólf kennarar innan Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. Níu töldu meira samstarf æskilegt innan háskóla, einn taldi ekki þörf á meiri samvinnu innan háskólans og tveir merktu við svarmöguleikann „veit ekki“. Níu töldu meira samstarf æskilegt milli háskóla (einn af þeim sagðist svara með tilliti til öldrunarhjúkrunar milli háskóla) og þrír merktu við svarmöguleikann „veit ekki“. Einn svarandi nefndi að staðan í HA væri reyndar sú að samstarf innan háskólans á þessu sviði hefði aukist verulega undanfarin ár.

Hug- og félagsvísindasvið

Innan Hug- og félagsvísindasviðs eru fjórar deildir; Félagsvísindadeild (Lögreglu- og löggæslufræði eru innan Félagsvísindadeildar), Lagadeild, Sálfræðideild og Kennaradeild.

Hér verða listuð upp þau námskeið eftir deildum þar sem upplýsingar fengust um að komið væri inn á öldrun og/eða málefni eldra fólks.

Félagsvísindadeild

Í Félagsvísindadeild eru námsbrautir í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, nútímafræði og lögreglufræði (diplómanám og BA-nám), auk rannsóknartengds meistaranáms.

MFM0176190 Minnihlutahópar og félagslegt misrétti

Þetta námskeið hefur verið kennt þrisvar sinnum og fer viðfangsefni hverrar annar að vissu leyti eftir því hver sérsvið gestakennara eru og hvar áhugi nemenda liggur helst hverju sinni. Nemendur velja um hvað er fjallað síðustu tvær vikurnar. Í fyrra valdi einn hópur að vera með umfjöllun um málefni aldraðra.

Lagadeild

Engin svör bárust frá Lagadeild.

Sálfræðideild

ÞSÁ0276 Þroski fullorðinna

Þetta námskeið er framhald af námskeiðinu ÞSÁ0156 Þroskasálfræði. Í námskeiðinu þroski fullorðinna er horft á þroska einstaklingsins frá unglingsárum til efri fullorðinsára. Í upphafi námskeiðsins er fjallað um þá staðreynd að hlutfall eldra fólks af heildarmannfjölda fer hækkandi og hvaða afleiðingar það hefur á ýmsa þætti.

Öldrun er mikilvægt atriði í námskeiðinu og efnið gæti komið til prófs.

HSL0176 Heilinn, sjúkdómar og lyf

Hluta þeirra sjúkdóma sem fjallað er um í námskeiðinu er nánast eingöngu að finna hjá eldra fólki, s.s. sérstakar tegundir heilabilunar (Alzheimer, Vascular, Lewy Body), Parkinson sjúkdóminn, og aðra sjúkdóma sem eru líklegri hjá eldra fólki, s.s. heilablóðfall og mænuskaða eftir fall.

Öldrun er meginefni námskeiðsins og þetta umfjöllunarefni er allt til prófs.

Kennaradeild

Í kennaranáminu er ekki fjallað á markvissan hátt um öldrun eða málefni aldraðra. Námið í Kennaradeild hverfist um nám og kennslu á nokkrum sérsviðum sem taka til náms- og greinasviða leik- og grunnskóla og áherslu á nám og kennslu í framhaldsskóla.

Tveir kennarar á Hug- og félagsvísindasviði svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. Þeir töldu meira samstarf æskilegt, bæði innan háskóla og milli háskóla.

Viðauki 3: Háskólinn á Bifröst

Í Háskólanum á Bifröst eru þrjár deildir, félagsvísindadeild, lagadeild og viðskiptadeild.

Félagsvísindadeild

Við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst er fjölbreytt námsframboð: Áfallastjórnun, menningarstjórnun, miðlun og almannatengsl, opinber stjórnsýsla, skapandi greinar, stjórnvísindi og öryggisfræði og almannavarnir.

Þær upplýsingar fengust frá deildarforseta félagsvísindadeildar að engar námslínur væru í deildinni sem fjölluðu um öldrunarmálefni.

Lagadeild

Samkvæmt upplýsingum frá deildarforseta lagadeildar er ekkert námskeið sem fjallar beint um málefni aldra við deildina. Það eru þó ákveðin fög sem koma inn á ýmis málefni sem snerta aldra töluvert, einkum sifja- og erfðaréttur og þá einkum erfðaréttarhlutinn þar sem er verið að fjalla um ýmis málefni sem eru e.t.v. ofar í hugum aldra en annarra eins og fyrirfram greiddur arfur o.þ.h. atriði.

Í námskeiðinu **203.6.0.SOER Sifja- og erfðaréttur** er fjallað bæði um hjúskapar- og erfðarétt. Samkvæmt upplýsingum frá umsjónarkennara námskeiðsins má segja að „þessi tvö réttarsvið fjalli um málefni sem snerta aldra eins og aðra, t.d. réttinn til að sitja í óskiptu búi eftir andlát maka, ráðstöfun fyrirframgreidds arfs, réttur til að ráðstafa arfi með erfðaskrá og ýmislegt fleira. Þá fjalla hjúskaparlögin um réttindi og skyldur sem fylgja því að vera í hjúskap og við lok hjúskapar, sem snertir alla aldurshópa yfir 18 ára aldur. Á námskeiðinu er einnig fjallað um barnarétt og þar er m.a. komið inn á rétt nákominna skyldmenna barns (t.d. ömmur og afa) til umgengni við barn ef foreldra nýtur ekki við, svo eitthvað sé nefnt.“

Viðskiptadeild

Samkvæmt upplýsingum deildarforseta viðskiptadeildar virðist ekki vera áhersla í neinu námskeiði í viðskiptadeildinni á öldrunarmálefni.

Við lauslega leit í Skemmunni (skemman.is) fundust nokkrar ritgerðir nemenda í Háskólanum á Bifröst sem tengjast á einhvern hátt öldrun (leitarorð: aldraðir, öldrun, eldra fólk, eldri borgarar, málefni aldraðra):

Í meistaraþrófsverkefni Rögnu Lilju Garðarsdóttur í viðskiptadeild 2011 (<https://hdl.handle.net/1946/9834>) er fjallað um hvernig vísbendingar um gæði þjónustu, heilsufar og þjónustuparfir hafi birst í niðurstöðum RAI-HC hjá Heimaþjónustu Reykjavíkur á árunum 2005-2009.

Í BA ritgerð Helgu Jónsdóttur í lögfræði 2012 (<https://hdl.handle.net/1946/13472>) er fjallað um fjárhagslegt sjálfstæði eldri borgara á hjúkrunarheimilum.

Í MA ritgerð Írisar Bettýjar Alfreðsdóttur í viðskiptadeild 2023 (<https://hdl.handle.net/1946/43449>) er fjallað um sveigjanleg, aldurstengd starfslok.

Viðauki 4: Háskólinn á Hólum

Í Háskólanum á Hólum er Ferðamáladeild, Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, Hestafræðideild og diplómanám í viðburðastjórnun.

Samkvæmt upplýsingum frá kennslustjóra skólans eru engin eiginleg námskeið sem fjalla um öldrun og málefni eldra fólks. Hins vegar eru aldraðir einn af þeim markhópum sem fjallað er um í einhverjum námskeiðum í ferðamáladeild, sem ferðamenn og njótendur viðburða.

Ferðamáladeild

Deildarstjóri Ferðamáladeildar upplýsti eftirfarandi: Öldrun og aldraðir sem markhópur er ekki sérstaklega skrifað inn í námskrár hjá okkur en í námskeiðum sem fjalla um afþreyingu, viðburði og markaðsmál er fjallað um ólíka hópa gesta og þeirra þarfir og þar eru aldraðir vissulega „einn hópur“ ef svo má segja. Hversu mikil áherslan er á einmitt þennan hóp fer svo eftir námsefni og kennurum hverju sinni.

Engar lokaritgerðir fundust í Skemmunni (skemman.is) þegar leitarorðin aldraðir, öldrun, eldri borgarar, eldra fólk og málefni aldraðra voru sett í leitartexta.

Viðauki 5: Háskólinn í Reykjavík

Í Háskólanum í Reykjavík eru tvö megin svið, samfélagssvið og tæknisvið.

Samfélagssvið:

Undir samfélagssviði eru íþróttافرæðideild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild og sálfræðideild.

Íþróttافرæðideild

Í íþróttافرæðideild er kenndur áfangi sem heitir **E-107-STES Styrk- og þrekþjálfun fyrir sértæka hópa** sem er 6 ECTS valnámskeið í BSc námi og skyldunámskeið í diplómanámi í styrk og þrekþjálfun. Hann fjallar fyrst og fremst um þjálfun aldraðra.

Í verklegri kennslufræði fyrir sértæka hópa er einnig komið inn á kennslufræði sem snýr að eldri borgurum.

1 ECTS kúrs sem heitir **Atvinnulífsgangur**. Þar mæla nemendur hreysti þátttakenda í Virkni og Vellíðan³ sem eru allir eldri borgarar. Háskólinn í Reykjavík er með samstarfssamning við Virkni og Vellíðan.

Nemendur í BSc námi geta valið að fara í verknám í þjálfun aldraðra og það eru alltaf einhverjir sem fara í slíkt verknám. Einn meistaranemi mun fara í 10 ECTS starfsnám á næstu önn (vorönn 2025) í þjálfun aldraðra í heimaþjónustu.

Í Sundi II er alltaf talað töluvert um sundleikfimi fyrir eldri borgara. Það er bæði gert fræðilega og verklega.

Á árinu 2023 var haldin ráðstefna um þjálfun aldraðra í samstarfi við ÍSÍ og Bjartan lífsstíl.

Lagadeild

Ekki er námskeið í gangi eins og er þar sem fjallað er um „öldrun og/eða málefni aldraðra“ þó vissulega kunni slík mál að koma fyrir óbeint í einstökum námskeiðum. Við

³ Virkni og Vellíðan er verkefni sem miðar að heilsuefningu fyrir 60 ára og eldri í Kópavogi.

höfum áður verið með, og erum að hugleiða að setja á dagskrá námskeið sem hafa með heilbrigðisrétt að gera og þetta kann því að vera einhverjum breytingum háð.

Viðskipta- og hagfræðideild

Í áfanganum **V-733-ILEC International and Labor Economics** er rætt í einum fyrirlestri um vinnu yfir tíma, þ.e. hvernig laun þróast yfir starfsaldurinn. Í framhaldi af því er rætt um starfslok og mikilvægi þess að byrja strax að huga að starfslokum og skoða vel valkosti þegar ákvörðunin er tekin.

Sálfræðideild

Valnámskeið er í boði fyrir sálfræðinema á 2. og 3. ári sem heitir **E-510-ÖLDR Sálfræði öldrunar: Frá heilahreysti til heilabilunar**. Það var síðast kennt haustið 2021 og líklegt að það verði kennt aftur haustið 2026 (en lokaákvörðun um það verður tekin síðar).

Komið er inn á viðfangsefni öldrunar í námskeiðinu **Áhrifabættir þroska**, þar sem fjallað er um heilsu og líðan alla ævina, þar á meðal á efri árum.

Tæknisvið:

Undir tæknisviði eru iðn- og tæknifræðideild, tölvunarfræðideild og verkfræðideild.

Iðn- og tæknifræðideild

Ekki er hægt að tengja neitt námskeið í iðn- og tæknifræðideild við öldrun og/eða málefni aldraðra. Nefnt var sérstakt tilvik þar sem hönnunarverkefni í orku- og vél-tæknifræði snéri að því að hanna ferðavagn (hjólhýsi) þar sem sérstaklega var tekið tillit til þarfa aldraðra.

Tölvunarfræðideild

Komið er inn á þetta viðfangsefni í tveimur áföngum, **Web Development I** og **Software Engineering I**. Í báðum tilvikum tengist það umræðu um þróun hugbúnaðar fyrir mismunandi notendahópa.

Í meistaranámi í stafrænni heilbrigðistækni hefur hluti nemenda beint athygli sérstaklega að stafrænni heilbrigðistækni til að valdefla aldraða og til að bæta líf fólks á besta aldri.

Verkfræðideild

Það er ekki fjallað beint um öldrun í neinu námskeiði. Hins vegar eru áhrif öldrunar eðlilega nefnd aðeins í nokkrum námskeiðum og það er einnig þáttur í ýmsum verkefnum, t.d. meistaraverkefnum (t.d. skipti á mjaðmalið). Aðallega er um að ræða áfanga í heilbrigðisverkfræði.

Tveir kennarar í Háskólanum í Reykjavík svöruðu spurningu um hvort meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða. Báðir töldu meira samstarf æskilegt innan háskóla, annar taldi einnig meira samstarf milli háskóla æskilegt en hinn merkti við svarmöguleikann „veit ekki“.

Við lauslega leit í Skemmunni (skemman.is) fundust rúmlega 40 ritgerðir nemenda í Háskólanum í Reykjavík sem tengjast á einhvern hátt öldrun (leitarorð: aldraðir, öldrun, eldra fólk, eldri borgarar, málefni aldraðra).

Viðauki 6: Landbúnaðarháskóli Íslands

Þrjár fagdeildir er að finna innan Landbúnaðarháskóla Íslands: Fagdeild skipulags og hönnunar, Fagdeild ræktunar og fæðu, og Fagdeild náttúru og skógar.

Samkvæmt upplýsingum frá kennslustjóra Landbúnaðarháskóla Íslands eru ekki kennd nein námskeið sem fjalla um öldrun eða málefni eldra fólks. Í einhverjum áföngum sem kenndir eru í Landslagsarkitektúr er fjallað um lýðheilsutengda hönnun. Það er kenndur einn áfangi sem heitir Umhverfi, hönnun og lýðheilsa (4 ECTS) en hann fjallar um áhrif hönnunar á lýðheilsu í víðum skilningi. Ef nemendur velja sér lokaverkefni sem tengist dvalarheimilum, er leitað til aðila sem hafa einhverja þekkingu á því sviði til að leiðbeina í lokaverkefni.

Í Skemmunni (skemman.is) er að finna nokkrar lokaritgerðir sem hafa verið skrifaðar við skólann og tengjast umhverfi dvalarheimila.

Í BS ritgerð eftir Mörtu Maríu Jónsdóttur frá 2010 (<https://hdl.handle.net/1946/4572>) er fjallað um „mikilvægi útisvæða við dvalarheimili og hvaða áhrif þau hafa á heilsu og lífsgæði aldraðra.“

Í BS ritgerð eftir Jón Arnar Sverrisson frá 2021 (<https://hdl.handle.net/1946/38843>) er fjallað um útivistarsvæði við dvalarheimilið Dalbæ á Dalvík.

Í BS ritgerð eftir Önnu Löllu Filippusdóttur Patay frá 2023 (<https://hdl.handle.net/1946/44809>) er fjallað um heilandi garða fyrir fólk á dvalarheimili.

Viðauki 7: Listaháskóli Íslands

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu skólans er Listaháskóli Íslands skóli allra listgreina og eini háskólinn á fræðasviði lista á Íslandi. Námsleiðir skólans eru á sviði arkitektúrs, hönnunar, myndlistar, listkennslu, kvikmyndalistar, sviðslista og tónlistar.

Fyrirspurn var send til deildarforseta í deild arkitektúrs hvort komið væri inn á sérhannað húsnæði fyrir eldra fólk í námskeiðum í arkitektúr í Listaháskólanum. Í svari deildarforseta kom fram að áfangalýsingar allra námskeiða á vorönn 2025 væru tilbúnar og ekki hægt að breyta þeim. Fyrirspyrjanda var þakkað kærlega fyrir tillöguna sem yrði rædd á deildarfundi.

Í Skemmunni (skemman.is) má finna ritgerðir nemenda í Listaháskóla Íslands sem tengjast á einhvern hátt öldrun (leitarorð: aldraðir, öldrun, eldri borgarar, eldra fólk, málefni aldraðra):

Í MA ritgerð Guðríðar Elfu Pálmarsdóttur frá 2014 (<https://hdl.handle.net/1946/19994>) kemur fram að meistaraverkefnið fjalli um hönnun og framkvæmd námskeiða í leirmótun fyrir aldraða.

Í MA ritgerð Magnúsar Gylfa Gunnlaugssonar frá 2015 er fjallað um „framkvæmd og úrvinnslu námskeiða sem haldin voru í þeim tilgangi að brúa kynslóðabil og sameina ólíkar kynslóðir annarsvegar börn á miðstigi í grunnskóla og hinsvegar þann hóp einstaklinga sem eru af þeirri kynslóð sem við köllum ömmur og afa.“ (<https://hdl.handle.net/1946/22107>)

Í BA ritgerð Elmu Klöru Þórðardóttur frá 2018 (<https://hdl.handle.net/1946/30927>) kemur fram að staða eldri borgara sé verulega erfið þegar horft er til búsetuúrræða og líðanar þeirra. Fjallað er um áhrif blandaðrar byggðar á lífsgæði eldri borgara, búsetuúrræði með stúdendum og aukin félagsleg tengsl við leikskólabörn.

Í BA ritgerð Andreu Sifjar Hilmarsdóttur frá 2018 (<https://hdl.handle.net/1946/30921>) kemur fram að markmið ritgerðarinnar sé „að finna og skoða eftir hvaða hugmyndafræði

hefur verið unnið í gegnum árin við hönnun húsnæðis fyrir eldri borgara og hvort að það sé yfir höfuð einhver fræði?“

Í meistaraþrófsritgerð Sigríðar Freyju Ingimarsdóttur frá 2020 (<https://hdl.handle.net/1946/37126>) er kannað viðhorf píanókennara og fullorðinna byrjenda til náms þeirra síðarnefndu í píanóleik. Með hækkandi lífaldri og væntingum um betra og innihaldsríkara líf eldra fólks gæti verið kostur að tónlistin og hljóðfæranám fullorðinna fengi aukinn sess.

Í BA ritgerð Sigurlaugar Björnsdóttur Blöndal frá 2021 (<https://hdl.handle.net/1946/39285>) er fjallað um hvernig hægt sé að auka skapandi starf og menningarstarf á hjúkrunarheimilum á Austurlandi.

Í BA ritgerð Birnu Sísíar Jóhannsdóttur frá 2022 (<https://hdl.handle.net/1946/42364>) „eru hugmyndir um öldrun skoðaðar ásamt tengslum á milli ólíkra kynslóða sem lifa nú á tímum. Möguleikar hönnunarhugsunar til þess að að stuðla að aukinni þátttöku og sýnileika eldra fólks í samfélaginu eru skoðaðir. Sagt er frá nýstárlegum verkefnum bæði erlendis og á Íslandi sem snúa að málaflokki eldra fólks.“

Í BA ritgerð Sigurbergs Hákonarsonar frá 2023 (<https://hdl.handle.net/1946/45231>) er fjallað um „öldrun í borgarumhverfi og mikilvægi þess að aukin áhersla sé lögð á að byggingar og almenningsrými séu aðgengileg fyrir eldra fólk.“

Í BA ritgerð Katrínar Línberg í arkitektúr frá 2024 (<https://hdl.handle.net/1946/48015>) kemur fram að markmiðið í lokaverkefninu hafi verið „að skapa á lóðinni róandi fjölskylduumhverfi. Mig langaði til þess að tengja saman börn, dýr og aldraða.“

Sýnishorn af tölvubréfi til deildarforseta.

Þri. 8.10.2024

Unnur Dís Skaptadóttir,

deildarforseti Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar.

Sæl Unnur Dís.

Ég er að safna upplýsingum um námskeið á háskólastigi þar sem fjallað er um öldrun og/eða málefni aldraðra á einhvern hátt. Sjá nánar upplýsingar hér neðst í póstinum.

Gætir þú sent mér upplýsingar um heiti námskeiða í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild þar sem mögulega er komið inn á öldrun og/eða málefni aldraðra?

Bestu kveðjur,

Guðrún Reykdal, verkefnisstjóri í Félagsráðgjafardeild HÍ.

Breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar eru samfélagsleg áskorun sem kallar á samræmdar aðgerðir til lengri tíma. Aldarafmælistjóður Háskóla Íslands veitti Félagsráðgjafardeild HÍ styrk til þess að taka saman upplýsingar um kennslu á sviði öldrunarfræða við alla háskólana á Íslandi. Tilgangur þessa verkefnis er að kortleggja hvaða menntunarmöguleikar og námskeið eru kennd eða í boði við háskólana í landinu. Jafnframt verður skoðað hvort og hvar hugsanleg samlegð gæti legið með það í huga að koma á eða undirbúa samræmt og/eða sameiginlegt háskólanám í öldrunarfræðum.

Sýnishorn af tölvupósti til umsjónarkennara

Fös. 22.11.2024

Sæl Guðný.

Undirrituð er að safna upplýsingum um námskeið á háskólastigi á Íslandi þar sem fjallað er um öldrun og/eða málefni aldraðra á einhvern hátt. Sjá nánar upplýsingar hér neðst í póstinum.

Upplýsingar fengust um að mögulega væri komið inn á öldrun og/eða málefni aldraðra í námskeiðinu **Félagsmálalöggjöf I: Framkvæmd og beiting (FRG314G)**.

Mig langar því vinsamlegast að biðja þig að svara eftirfarandi spurningum:

Er fjallað um öldrun og/eða málefni aldraðra í námskeiðinu?

Nei, þessir þættir eru ekki til umfjöllunar í námskeiðinu.

Já, það er komið inn á efnið. — Ekki líklegt að komi til prófs.

Já, þetta er mikilvægt atriði í námskeiðinu. — Gæti komið til prófs.

Já, þetta er meginefni námskeiðsins.

Vinsamlegast settu **X** við þann svarmöguleika sem við á.

Ef já, vinsamlegast tilgreindu hvaða þættir varðandi öldrun og/eða málefni aldraðra eru til umfjöllunar (stikkorð eða stutt lýsing):

Ef já, telur þú að meira samstarf væri æskilegt í kennslu á sviði öldrunarfræða

a. innan háskóla?

Já Nei Veit ekki

b. milli háskóla?

Já Nei Veit ekki

Vinsamlegast settu **X** við þá svarmöguleika sem við eiga.

Með kveðju og fyrirfram þakklæti,

Guðrún Reykdal, verkefnisstjóri í Félagsráðgjafardeild HÍ.

Breytingar í aldursamsetningu þjóðarinnar eru samfélagsleg áskorun sem kallar á samræmdar aðgerðir til lengri tíma. Aldarafmælisjóður Háskóla Íslands veitti Félagsráðgjafardeild HÍ styrk til þess að taka saman upplýsingar um kennslu á sviði öldrunarfræða við alla háskólana á Íslandi. Tilgangur þessa verkefnis er að kortleggja hvaða menntunarmöguleikar og námskeið eru kennd eða í boði við háskólana í landinu. Jafnframt verður skoðað hvort og hvar hugsanleg samlegð gæti legið með það í huga að koma á eða undirbúa samræmt og eða sameiginlegt háskólanám í öldrunarfræðum.